

Apríl 2020



Viðskiptaáætlun sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn

Greining á danska
markaðnum og
sóknarfærum fyrir
íslenskan útflutning

Sendiráð Íslands
Kaupmannahöfn



Útgefandi:

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Apríl 2020

kaupmannahofn@utn.is

www.utn.is/kaupmannahofn

Umbrot og textavinnsla:

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

©2020 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Danskí markaðurinn og helstu hagtölur	7
2.1 Áhrif COVID-19 á danskt efnahagslíf og aðgerðir stjórnvalda vegna veirunnar	9
3. Þróun viðskipta á milli Íslands og Danmerkur	10
4. Viðskiptaþjónusta sendiráðsins í Kaupmannahöfn	13
Helstu áherslusvið	14
4.1 Aðstoð við frumkvöðlafyrirtæki og kynning á íslenskri nýsköpun	14
4.1.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum	16
Íslensk þátttaka á nýsköpunarhátíðum í Kaupmannahöfn	16
TechBBO	16
Creative Business Cup	16
Kortlagning á nýsköpunarumhverfinu í Kaupmannahöfn og helstu tengiliðum	17
Kortlagning á Medicon Valley og stuðningi við dönsk líf- og heilbrigðistækniyrirtæki	17
Ferð danskra fjárfesta til Íslands	18
4.2 Orðspor, listir og skapandi greinar	18
4.2.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum	19
Íslensk þátttaka í dönskum hátíðum á sviði lista og skapandi greina	19
Copenhagen Fashion Week	19
Chart Art Fair	20
COP:DOX	20
World Pride í Kaupmannahöfn og Malmö 2021	21
4.3 Áfangastaðurinn Ísland, áhersla á sérhæfða ferðaþjónustu	21
4.3.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum	24
Íslandskynning í Árósum í samstarfi við Dansk-íslenska viðskiptaráðið	25
Kynningarviðburður fyrir danskar ferðaskrifstofur	25

Blaðamannaferð til Íslands með áherslu á heilsutengda ferðapjónustu og matvæli.....	25
Norðurslóðadagar á Norðurbryggju.....	26
Markaðssetning til neytenda og íslensk þátttaka á ferðamálamessum í Danmörku.....	26
4.4 Íslensk matvæli og náttúruafurðir.....	27
4.4.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum.....	29
Íslenskir dagar á Broens Gadekøkken.....	29
Íslandsheimsókn áhrifamikilla kokka á sviði nýnorrænnar matargerðar.....	30
Kynning á snyrtivörum og fæðubótarefnum úr íslenskri náttúru.....	30
Blaðamannaferð til Íslands með áherslu á heilsutengda ferðapjónustu og matvæli.....	30
Íslandskynning í Árósum í samstarfi við Dansk-íslenska viðskiptaráðið.....	30
4.5 Sjálfbærni og grænar lausnir.....	31
4.5.1 Verkefni fram undan.....	32
Kynning á árangri Íslands í loftslagsmálum og íslenskum grænum lausnum.....	32
4.6 Íslenski hesturinn.....	33
4.6.1 Verkefni fram undan.....	33
Dagur íslenska hestsins í Charlottenlund.....	33
Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Herning 2021.....	34
4.7 Viðskiptatækifæri tengd stofnunum Sameinuðu þjóðanna í UN City.....	34
4.7.1 Verkefni fram undan.....	35
Norrænt útboðsþing SP í Kaupmannahöfn.....	35
5. Lokaorð.....	36
Viðauki: Tölfræðilegt yfirlit yfir viðskipti Íslands og Danmerkur 2010–2019.....	37

Myndaskrá

Mynd 1: Vöru- og þjónustuviðskipti við Danmörku 2010–2019.....	11
Mynd 2: Vöruútflutningur til Danmerkur eftir flokkum.....	11
Mynd 3: Þjónustuútflutningur til Danmerkur 2010–2019.....	12
Mynd 4: Viðskiptajöfnuður 2010–2019 gagnv. Danmörku og í heild.....	12
Mynd 5: Fjöldi ferðamanna frá Norðurlöndum (komur í Leifsstöð).....	22

1. Inngangur

Á grundvelli nýrrar framtíðarstefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning, sem Íslandsstofa kynnti síðastliðið haust, hefur sendiráðið í Kaupmannahöfn unnið greiningu á danska markaðnum, þróun viðskipta á milli landanna og tækifærum fyrir íslenskt atvinnulíf. Áhersla var lögð á að skilgreina hvernig sendiráðið getur lagt sitt af mörkum við framkvæmd nýju stefnunnar, kortleggja þau verkefni sem fram undan eru og tryggja samhljóm við starf Íslandsstofu.

Í fyrsta kafla er almenn greining á danska markaðnum og hagkerfinu sem hefur verið sterkt síðustu ár, þó að blikur séu á lofti eins og annars staðar vegna áhrifa af COVID-19. Í öðrum kafla er farið stuttlega yfir þróun viðskipta á milli landanna en ítarlegri töluleg samantekt yfir útflutning á vörum og þjónustu til Danmerkur sl. tíu ár er í viðauka. Í kafla þrjú er sagt frá viðskiptaþjónustu sendiráðsins í Kaupmannahöfn og tilgreind sjö áherslusvið:

1. Aðstoð við íslensk frumkvöðlafyrirtæki og kynning á íslenskri nýsköpun
2. Orðspor, listir og skapandi greinar
3. Áfangastaðurinn Ísland, áhersla á sérhæfða ferðamennsku
4. Íslensk matvæli og náttúruafurðir
5. Sjálfbærni og grænar lausnir
6. Íslenski hesturinn
7. Viðskiptatækifæri tengd stofnunum Sameinuðu þjóðanna í UN City

Valið á þessum áherslusviðum er rökstutt með vísun í stefnu íslenskra stjórnvalda og áhuga einstakra geira íslensks atvinnulífs á danska markaðnum, sem m.a. kom fram á stefnumótunarvinnustofum Íslandsstofu, auk þróunar og tækifæra sem sendiráðið greinir á danska markaðnum. Tilgreind eru helstu verkefni sem fram undan eru innan hvers áherslusviðs og gerðar tillögur að samstarfsverkefnum með Íslandsstofu. Skýrslan var send Íslandsstofu í drögum í lok mars og tekið hefur verið tillit til góðra ábendinga þaðan.

Auk ofangreindrar framtíðarstefnu tekur viðskiptaáætlun sendiráðsins mið af nýlegri nýsköpunarstefnu stjórnvalda, Nýsköpunarlandið Ísland, greiningu Íslandsstofu á markaðssvæðum frá 2019, könnun Ferðamálastofu um erlenda ferðamenn á Íslandi frá 2018, könnun Íslandsstofu meðal matvælafyrirtækja frá 2018 og kynningarritinu Matarauður Íslands.

Sendiráðið mun síðar á þessu ári vinna greiningar og tölulegar úttektir á viðskiptum Íslands við önnur umdæmisríki sendiráðsins; Rúmeníu, Búlgaríu og Tyrkland. Sérstaklega verður skoðað hvernig nýta megi ferð sendiherra til þessara ríkja vegna afhendingar trúnaðarbréfs til að ræða samstarfshugmyndir á sviði menningar- og viðskiptamála og liðka fyrir viðskiptum á milli landanna. Þá mun sendiráðið áfram taka virkan þátt í starfi tvíhliðasjóða Uppbyggingarsjóðs EES í Rúmeníu og Búlgaríu og vinna að framgangi íslenskra verkefna innan sjóðanna.

2. Danski markaðurinn og helstu hagtölur

Danska hagkerfið hefur verið sterkt síðustu ár og hagtölur almennt jákvæðar. Hagvöxtur staðnaði í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar árið 2008 en hefur verið stöðugur á síðustu árum, að meðaltali 2,4% frá 2015 sem er vel yfir meðaltali evrusvæðisins. Þjóðarframleiðsla á mann er nú sú níunda hæsta í heimi, um 60 þúsund USD, samkvæmt nýjustu tölum frá OECD.¹ Verðbólga hefur verið lítil á síðustu árum, í kringum 1%, og atvinnuleysi lítið í sögulegu samhengi, um 5%. Það hefur þó aukist á síðustu vikum vegna COVID-19-faraldursins og var í apríl komið yfir 6% á Kaupmannahafnarsvæðinu en var mest á Norður-Jótlandi, tæplega 8%.² Gengi dönsku krónunnar er tengt við gengi evru, þar sem hver evra fæst fyrir 7,46 DKK.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Danmörku, sem gefin var út í lok febrúar sl., var gert ráð fyrir að hægja færi á hagvexti, niður í um 1,5%.³ Fastlega má gera ráð fyrir því að hagvöxtur minnki töluvert meira en þar var gert ráð fyrir vegna áhrifa af COVID-19-faraldrinum og ráðstafana sem gerðar hafa verið til að hefta útbreiðslu veirunnar, sjá kaflann hér aftar.

Heildarútflutningur Danmerkur árið 2019 nam um 1.231 milljörðum DKK og jókst um 4,3% frá fyrra ári. Líkt og undanfarin ár stóðu vörur undir um 60% útflutnings og þjónusta um 40%. Tæplega 53% heildarútflutningsins fóru til ríkja Evrópusambandsins, þar af 12,4% til Þýskalands, 9,9% til Svíþjóðar og 7,4% til Bretlands. Helstu útflutningslönd utan ESB voru Bandaríkin (11,1%) og Noregur (6,3%). Iðnaðarvörur, vélar og tæki voru langstærsti liður vöruútflutnings eða um 80% og landbúnaðarvörur 9,6%. Stærstu einstöku liðirnir í útflutningi þjónustu voru annars vegar flutningar sem námu 52,1%, þar af sjóflutningar 41,6% og flug 5,1%, og hins vegar ferðalög sem námu 11,8%.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður árið 2019 en heildarinnflutningur Danmerkur nam 1.122 milljörðum DKK og komu ríflega 64% hans frá ríkjum ESB. Þar af var mest flutt inn frá Þýskalandi (17,1%), Svíþjóð (9,9%) og Bretlandi (6,9%) en utan ESB frá Bandaríkjunum (7,2%), Kína (5,5%) og Noregi (4%).

Danmörk telst meðal þeirra ríkja í heiminum þar sem auðveldast er að stunda viðskipti og er efst á lista European Chamber Research *Best European Countries*

¹ <https://data.oecd.org/denmark.htm>

² <https://www.dr.dk/nyheder/penge/foelg-den-oekonomiske-krise-i-danmark>

³ European Commission, Country Report Denmark 2020: https://ec.europa.eu/info/sites/info/files/2020-european-semester-country-report-denmark_en.pdf

for Business 2020, eins og árið á undan.⁴ Danmörk er jafnframt í fjórða sæti á lista Alþjóðabankans *Doing Business 2020*, á eftir Nýja-Sjálandi, Singapore og Hong Kong, og efst í flokknum um viðskipti yfir landamæri.⁵

Danskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og starfsmannakostnaður lágur miðað við annars staðar á Norðurlöndunum.⁶ Meðal mikilvægustu atvinnugreina eru líftækni, tölvu- og tæknigeirinn, græn tækni og byggingargeirinn. Danir standa einnig framarlega í hönnun og skapandi greinum og hafa útflutningstekjur af þeim hækkað töluvert á síðustu árum. Þær nema nú um 9% af heildarútflutningstekjum Danmerkur.

Kaupmáttur og einkaneysla hefur aukist á undanfönum árum. Tekjur eru hæstar á Kaupmannahafnarsvæðinu og Norður-Sjálandi en lægstar á Fjóni og Borgundarhólmi. Danskir neytendur eru meðal þeirra kröfuhörðustu í Evrópu en þeir teljast tiltölulega opnir fyrir nýjum vörum og merkjum, sérstaklega nýstárlegum gæðavörum. Líkt og annar staðar á Norðurlöndunum er neyslumunstur Dana að breytast samhliða aukinni meðvitund um umhverfis- og loftslagsmál. Þeir dragast í síauknum mæli að hreinum og vottuðum vörum en samkvæmt nýlegri könnun stjórnvalda sögðust 75% kjósa heldur lífrænar vörur.⁷

Netinnkaup verða sífellt algengari en 4,6 millj. Dana (af 5,8 millj.) teljast netnotendur. Samkvæmt könnun Deloitte segjast 61% Dana verða fyrir áhrifum af ráðleggingum á samfélagsmiðlum og 44% af samfélagsmiðlastjörnum eða svokölluðum áhrifavöldum. Sjónvarpsauglýsingar þykja gagnlegar til að ná til stórs hóps neytenda, enda eiga 95% Dana sjónvörp, en auglýsingar í útvarpi eru tiltölulega lítið notaðar. Um 40% Dana lesa dagblöð daglega, á Kaupmannahafnarsvæðinu eru Berlingske og Politiken með mesta dreifingu en Jyllandsposten á Jótlandi.⁸

Í kringum Kaupmannahafnarsvæðið eru nokkrir mikilvægir klasar, m.a. á sviði fjármálatækni (fintech) og grænnar tækni (cleantech) auk lífvísindaklasans Medicon Valley í Kaupmannahöfn og Suður-Svíþjóð. Stefnt er að því að Kaupmannahöfn verði fyrsta kolefnishlutlaus höfuðborg heims árið 2025 og er borgin mikilvæg tilraunastöð fyrir alls kyns nýjar tæknilausnir, m.a. á sviði sjálfbærni, upplýsingatækni og samgangna.

⁴ <https://eucham.eu/wp-content/uploads/2020/03/Best-European-Countries-for-Business-2020.pdf>

⁵ <https://www.doingbusiness.org/en/data/exploreconomies/denmark>

⁶ <https://www.copcap.com/invest-in-greater-copenhagen/10-good-reasons>

⁷ Frétt Copenhagen Post 29. ágúst 2019: Government to help Danes eat more sustainably

⁸ <https://santandertrade.com/en/portal/analyse-markets/denmark/reaching-the-consumers>

2.1 Áhrif COVID-19 á danskt efnahagslíf og aðgerðir stjórnvalda vegna veirunnar

Of snemmt er að segja til um hversu alvarleg áhrif COVID-19-faraldurinn mun hafa á danska hagkerfið og ræðst það m.a. af því hve langvarandi ástandið verður og hver áhrifin verða á efnahagskerfi heimsins, enda er danska hagkerfið mjög útflutningsdrifið. Í greiningu sem danski Seðlabankinn birti í byrjun apríl er gert ráð fyrir að landsframleiðsla á árinu 2020 dragist saman um 3 til 10%.⁹ Þar er bent á að danska hagkerfið hafi verið mjög sterkt undanfarin ár sem muni auðvelda viðspyrnuna.

Danska ríkisstjórnin greip til umfangsmikilla aðgerða til að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar, lokaði m.a. skólum og opinberum stofnunum og bannaði samkomur fleiri en tíu. Um miðjan mars hvatti utanríkisráðherrann Dani sem voru á ferðalögum erlendis til að koma heim strax og leggja ekki í ónauðsynleg ferðalög. Þá var landamærum Danmerkur lokað fyrir erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga brynt erindi til Danmerkur, en undir það flokkast m.a. búseta og atvinna í landinu.

Þessar ákvarðanir eiga ekki að hefta vöruflutninga til Danmerkur og hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á mikilvægi þess að halda atvinnustarfsemi gangandi, að því marki sem hægt er. Tilkynnt hefur verið um margs konar aðstoð fyrir fyrirtæki og sjálfstæða atvinnurekendur sem eiga í tímabundnum erfiðleikum vegna veirunnar. Á blaðamannafundi 19. mars sl., þar sem tilkynnt var um samkomulag allra flokka á danska þinginu um björgunarpakka fyrir danskt efnahagslíf sagðist fjármálaráðherrann gera ráð fyrir að aðgerðir myndu kosta ríkissjóð um 100 milljarða DKK.¹⁰ Dönskum fyrirtækjum býðst meðal annars að senda starfsfólk heim tímabundið, án þessa að grípa til uppsagna, og greiðir ríkissjóður 75% af launakostnaði fastráðinna starfsmanna upp að 23.000 DKK á mánuði. Vonast er til að þessi aðgerð bjargi tugþúsundum starfa, m.a. í ferðaþjónustunni.

Í lok apríl höfðu um 70.000 dönsk fyrirtæki nýtt sér björgunarpakka stjórnvalda en yfirlit yfir aðgerðirnar má finna hér: <https://www.copcap.com/covid-19-overview-of-relief-packages>. Á heimasíðu danska ríkissjórnvarpsins eru upplýsingar um áhrif faraldursins á danskt efnahagslíf uppfærðar daglega: <https://www.dr.dk/nyheder/penge/foelg-den-oekonomiske-krise-i-danmark>

⁹ <http://www.nationalbanken.dk/en/publications/Pages/2020/04/Danish-and-international-economy-hit-by-pandemic.aspx>

¹⁰ <https://www.berlingske.dk/politik/wammen-klar-med-hjaelpepakke-til-100-mia-kr-og-en-utvetydig-besked-vi-er>


3. Þróun viðskipta á milli Íslands og Danmerkur

Tengsl Íslands og Danmerkur á sviði viðskipta- og menningarmála eru rótgróin og áætlað er að um tólf þúsund Íslendingar séu nú búsettir í Danmörku, þar af um fjögur þúsund námsmenn. Algengt er að íslensk fyrirtæki líti á Danmörku sem framhald af heimamarkaði þar sem regluverk, starfsumhverfi og menning er svipuð milli landanna. Þá nýta mörg íslensk fyrirtæki, sem hafa áhuga á að hefja útflutning, danska markaðinn sem eins konar tilraunamarkað fyrir vörur sínar eða þjónustu.

Danmörk var í níunda sæti yfir mikilvægustu útflutningslönd Íslands á árinu 2019 og nam útflutningur þangað tæpum 38 milljörðum ISK eða um 2,8% af heildarútflutningi landsins. Helstu útflutningsgreinar voru ferðaþjónusta (25,3%), samgöngur og flutningar (17,9%) iðnaðarvörur (17%) og sjávarafurðir (14%). Til samanburðar stóðu samgöngur og flutningar undir 45% útflutnings til Danmerkur árið 2010, iðnaðar- og sjávarafurðir 13% hvor og ferðaþjónusta 11%.


Útflutningur á vörum og þjónustu til Danmerkur hefur sveiflast mikið á síðustu tíu árum. Á árinu 2019 nam heildarvirði vöruútflutnings 14,9 milljörðum ISK og jókst annað árið í röð, eða um 9,3%, eftir samdrátt árin 2016 og 2017. Mest er flutt út af sjávarafurðum og iðnaðarvörum en vægi landbúnaðarvara hefur aukist á undanfönum árum. Heildarvirði útflutnings á þjónustu nam 23 milljörðum ISK á árinu 2019 og dróst saman um 20,3% frá fyrra ári, en samdráttur í þjónustuútflutningi til Danmerkur hefur verið nánast samfelldur frá árinu 2014. Helsta skýringin á því er að verðmæti flugsamgangna dróst saman úr 31 milljarði ISK árið 2013 í 4,3 milljarða árið 2019 og tengist það breytingum sem urðu á starfsemi tveggja íslenskra flugrekenda, en flugrekstrarleyfi annars þeirra var tímabundið skráð í Danmörku. Ferðaþjónusta hefur aukist töluvert frá árinu 2010 en á því tímabili fjölgaði dönskum ferðamönnum úr 38.000 í tæplega 50.000 og voru þeir um 2,5% af heildarfjölda ferðamanna til Íslands á síðasta ári.

Innflutningur þjónustu frá Danmörku á árinu 2019 var tvöfalt meiri en útflutningur en halli hefur verið á bæði vöru- og þjónustuviðskiptum við Danmörku á hverju ári á tímabilinu 2009–2019, fyrir utan árið 2016 þegar þjónustujöfnuður var jákvæður. Ítarlegri upplýsingar um þróun viðskipta á milli Íslands og Danmerkur eru í tölfræðilegu yfirliti í viðauka.




Mynd 1: Vöru- og þjónustuviðskipti við Danmörku 2010–2019.

Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 2: Vöruútflutningur til Danmerkur eftir flokkum.

Heimild: Hagstofa Íslands.




Mynd 3: Þjónustuútflutningur til Danmerkur 2010–2019.

(*) Liðurinn ferðþjónusta 2010–2012, ferðalög 2013–2019.

(**) Nýr liður frá og með 2013.

Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4: Viðskiptajöfnuður 2010–2019 gagnv. Danmörku og í heild.

Heimild: Hagstofa Íslands.

4. Viðskiptaþjónusta sendiráðsins í Kaupmannahöfn

Stór og rótgróin íslensk fyrirtæki sem stunda viðskipti í Danmörku leita að jafnaði lítið eftir aðstoð sendiráðsins enda er viðskiptaumhverfi og regluverk svipað í löndunum og sjaldan þörf á aðkomu stjórnvalda til að greiða fyrir viðskiptum. Sendiráðið er þó í góðum samskiptum við þau íslensku fyrirtæki sem eru með umfangsmikla starfsemi í Danmörku, svo sem Eimskip, Samskip, Marel og Icelandair, og hefur m.a. átt mikilvægt samstarf við það síðastnefnda í tengslum við markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað ferðamanna og nú síðast vegna tímabundinnar lokunar dönsku landamæra vegna COVID-19-faraldursins. Sendiráðinu berast hins vegar reglulega fyrirspurnir frá frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem óska eftir upplýsingum varðandi danska markaðinn eða annars konar viðskiptaþjónustu.

Sendiráðið veitir íslenskum fyrirtækjum meðal annars almenna upplýsingagjöf um danskt fyrirtækjaumhverfi og aðstoð við að greina markaðinn og finna samstarfsaðila. Þá hvetur sendiráðið til samstarfs milli íslenskra fyrirtækja á dönskum markaði, aðstoðar við tengslamyndun milli þeirra og býður upp á aðstöðu fyrir viðskiptafundi.

Auk þess að aðstoða einstök fyrirtæki gegnir sendiráðið mikilvægu hlutverki við að skapa jákvæða ímynd og traust á landi og þjóð. Í þessu felst m.a. að kynna Ísland sem leiðandi í sjálfbærni og hreinleika í samræmi við nýja framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning. Samkvæmt reynslu sendiráðsins er kynning á íslenskri menningu ein áhrifaríkasta aðferðin til að styrkja ímynd Íslands í Danmörku og hefur því verið lögð mikil áhersla á þennan þátt í starfsemi sendiráðsins undanfarin ár. Upplýsingaþjónusta á heimasíðu sendiráðsins og samfélagsmiðlum er einnig mikilvæg í þessu samhengi en á síðasta ári birti sendiráðið um 200 Facebook-færslur og eru fylgjendur um 5000.

Mikil tækifæri felast í því að tengja Ísland og íslensk fyrirtæki betur inn í norrænt umhverfi á sviðum þar sem Norðurlöndin hafa sterka stöðu á heimsmælikvarða, svo sem í nýsköpun, hönnun, matargerð og ekki síst í sjálfbærni og grænum lausnum. Mun sendiráðið því fylgjast vel með þróuninni á þessum sviðum í Danmörku og nýta þau tækifæri sem gefast, t.d. á hátíðum, sýningum og ráðstefnum, til að styrkja tengslin milli landanna.

Í þeirri vinnu sem fram undan er við framkvæmd nýju framtíðarstefnunnar fyrir íslenskan útflutning má líta til reynslu Dana, enda hafa þeir lengi lagt áherslu á að styrkja ímynd Danmerkur á sviði sjálfbærni, nýsköpunar og hönnunar, samhliða því að auka vægi alþjóðageirans. Mun sendiráðið taka saman og senda ráðuneytinu og Íslandsstofu yfirlitsskjal yfir helstu stefnur og áætlanir sem dönsk stjórnvöld hafa mótað á þessum sviðum á undanförunum árum og

fylgjast vel með áherslumálum núverandi ríkisstjórnar, einkum á sviði sjálfbærni og grænna lausna.

Áfram verður haft náið samráð við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Íslandsstofu og aðra viðskiptafulltrúa, einkum á Norðurlöndum. Þá verður lögð áhersla á að efla samstarf við Dansk-íslenska viðskiptaráðið á grundvelli samkomulags utanríkisráðuneytisins og alþjóðlegu viðskiptaráðanna frá nóvember 2018. Stefnt er að reglulegum samráðsfundum með formanni og framkvæmdastjóra ráðsins, auk danska hluta þess, og er gagnkvæmur vilji til að standa að sameiginlegum viðburðum til að styðja við bakið á íslenskum útflutningi og auka viðskipti á milli landanna (sjá hugmyndir að viðburðum á bls. 19 og 26). Á næstu misserum verður fylgst náið með aðgerðum danskra stjórnvalda vegna COVID-19-faraldursins, m.a. efnahagslegum aðgerðum, og reynt að meta hvaða áhrif faraldurinn mun hafa á viðskipti milli landanna og danska markaðinn.

Helstu áherslusvið

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu áherslusviðum sendiráðsins á sviði viðskiptamála og tilgreind sóknarfæri og möguleg samstarfsverkefni innan hvers þeirra. Áherslusviðin eru sett fram með vísun til aðurnefndrar framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning og byggjast á þeim tækifærum sem sendiráðið telur liggja innan danska markaðarins. Sendiráðið mun fylgjast vel með þróuninni innan hvers þeirra, bæði á Íslandi og í Danmörku, og leitast verður við að styrkja tengsl við áhrifafólk.

4.1 Aðstoð við frumkvöðlafyrirtæki og kynning á íslenskri nýsköpun

(Tengist stefnumörkun Íslandsstofu um hugvit, nýsköpun og tækni og nýlegri nýsköpunarstefnu stjórnvalda, Nýsköpunarlandið Ísland. Tengiliðir hjá Íslandsstofu: Jarprúður Ásmundsdóttir og Erna Björnsdóttir varðandi líf- og heilbrigðistækni)

Kaupmannahöfn hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem miðstöð nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Tengist það meðal annars áherslu stjórnvalda á að styðja við bakið á nýsköpunarfyrirtækjum, fjölbreyttum möguleikum á styrkjum og aðgengi að fjármagni og öflugu starfi sem fram fer í kringum háskólana DTU og Copenhagen Business School. Einnig hafa grasrótarfyrirtæki á borð við TechBBQ og Copenhagen for the Win (CPHFTW) lagt sitt af mörkum í þessari þróun. Í kringum Kaupmannahafnarsvæðið eru nokkrir mikilvægir nýsköpunarklasar, m.a. á sviði fjármálatækni (fintech) og grænnar tækni (cleantech) auk lífvísindaklasans Medicon Valley.¹¹ Nýlega ákváðu eistneska fjármögnunarfyrirtækið Funderbeam og fjárfestingabankinn Silicon Valley Bank

¹¹ <https://mediconvalley.greatercph.com/>

að opna norrænar skrifstofur sínar í Kaupmannahöfn, m.a. með vísun til þess hversu auðvelt er að stunda viðskipti í Danmörku og að Kaupmannahöfn er miðstöð hönnunar og nýsköpunar.

Á vinnustofum landshluta og atvinnugreina í tengslum við framtíðarstefnumótunina komu fram óskir um að styðja sérstaklega við hugvit, nýsköpun og tækni og tengja þessa starfsemi betur við mörkun Íslands (e. branding). Þóttu eftirfarandi svið falla sérlega vel að ímynd landsins, aðstæðum og sóknarfærum: sjávarútvegstækni, líf- og heilbrigðistækni, hátækni og hugbúnaður, leikjaiðnaðurinn, orka og grænar lausnir.

Á vinnustofunum kom jafnframt fram að Norðurlöndin væru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt hugvit, nýsköpun og tækni. Í framtíðarstefnunni segir m.a.: „Norðurlöndin þykja mikilvægir samstarfsaðilar við að sækja erlenda fjárfestingu þar sem Ísland telst enn sem óþekkt viðskiptaland utan Evrópu og „Nordic“ getur reynst öflug tenging til að ná fætinum inn fyrir dyrnar. Á Norðurlöndunum eru einnig þekkt tengslanet og mikil viðskipti fyrir lögfræði- og sérfræðiþjónustu.“¹²

Í nýsköpunarstefnunni Nýsköpunarlandið Ísland, sem kynnt var í október sl., er m.a. lögð áhersla á að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum við að stækka heimavöll íslenskra nýsköpunarfyrirtækja þannig að tækifæri til markaðssetningar og fjármögnunar góðra hugmynda takmarkist ekki við íslenska efnahagskerfið.¹³ Í framtíðarsýn stefnunnar, sem miðast við árið 2030, er gert ráð fyrir að þétt alþjóðlegt tengslanet styðji íslenska nýsköpun til árangurs og að íslenskt hugvitsfólk, fyrirtæki og fjárfestar njóti góðs af tengslum, reynslu og þekkingu í alþjóðlegu nýsköpunarumhverfi. Sérstaklega er hvatt til þess að umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja verði þéttfið inn í stærri tengslanet, svo sem annars staðar á Norðurlöndunum, með gagnkvæmu aðgengi að sérfræðingum og viðskiptatengslum um allan heim. Þá er lögð áhersla á að unnið verði markvisst að því að tengja íslensk nýsköpunar- og vaxtarfyrirtæki við fjármögnunarmarkaði annars staðar á Norðurlöndum í gegnum Norðurlandasamstarf, t.d. Nordic Innovation, Nordforsk og Norræna fjárfestingarbankann.

Loks má geta þess að Íslandsstofa tekur virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði líf- og heilbrigðistækni og haldnir eru tveir samnorrænir viðburðir, Bio International, sem á þessu ári verður haldinn með rafrænum hætti, og Nordic

¹² Framtíðarstefna fyrir íslenskan útflutning, kafli um hugvit, nýsköpun og tækni

¹³ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ae8c7637-eb68-11e9-944d-005056bc4d74>

Life Science Days.¹⁴ Samstarfsaðilar í Danmörku eru Health Care Denmark og Bioinnovation Institute sem stofnað var af danska fyrirtækinu Novo Nordisk.

4.1.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum

Íslensk þátttaka á nýsköpunarhátíðum í Kaupmannahöfn

Í ljósi fyrrgreinds hvetur sendiráðið til þess að öflug þátttaka Íslands verði tryggð á helstu alþjóðlegu nýsköpunarviðburðum sem fram fara í Danmörku, m.a. TechBBQ og Creative Business Cup. Hátíðirnar geta verið mikilvægur stökkpallur fyrir íslensk fyrirtæki sem ætla sér á alþjóðamarkað og þar gefast möguleikar fyrir íslenska frumkvöðla á að komast í bein tengsl við erlenda fjárfesta og „viðskiptaengla“. Þá er þátttaka íslenskra sendinefnda jafnframt góð kynning á Íslandi sem landi nýsköpunar, frjórna hugmynda og sjálfbærni.

TechBBQ er sprota- og nýsköpunarhátíð sem hefur verið haldin í Kaupmannahöfn síðan árið 2013 og hefur hún vaxið úr 300 manna viðburði upp í að vera stærsta hátíð sinnar tegundar á Norðurlöndunum með um 8000 þátttakendur, þar af rúmlega 1000 alþjóðlega fjárfesta.¹⁵ Hún er ekki rekin í hagnaðarskyni og meginmarkmiðið er að styðja við nýsköpun og skapa vettvang fyrir sprotafyrirtæki til vaxtar. Hátíðin hentar íslenskum fyrirtækjum vel þar sem áhersla er á að TechBBQ sé norræn nýsköpunarhátíð og eru skipuleggjendur áhugasamir um að tryggja góða þátttöku frá öllum norrænu löndunum.

Ísland tók í fyrsta sinn þátt í hátíðinni með skipulögðum hætti árið 2019 en þá unnu sendiráðið, Íslandsstofa og Startup Iceland saman að þáttökunni og haldinn var sérstakur tengslamyndunarviðburður í sendiherrabústaðnum. Könnun sem send var út til þeirra 15 íslensku fyrirtækja sem tóku þátt í hátíðinni sýndi mikla ánægju með þáttökuna, einkum viðburðinn í sendiherrabústaðnum.

Á næstu hátíð, sem enn er gert ráð fyrir að fari fram dagana 17. og 18. september nk., er stefnt að enn sterkari viðveru Íslands, mögulega með sérstökum þjóðarbás, og hafa sendiráðið og Íslandsstofa hafið undirbúning að þáttökunni. Einnig verður unnið að því að auka áherslu á íslenska nýsköpun í dagskrá hátíðarinnar, t.d. með öflugum íslenskum fyrirlesurum og jafnvel málþingi um ákveðið áherslumál Íslands, s.s. nýsköpun innan bláa hagkerfisins, grænar lausnir eða jafnréttismál.

Creative Business Cup er alþjóðleg frumkvöðlakeppni sem haldin er í Kaupmannahöfn í júní ár hvert. Næsta keppni átti að fara fram dagana 29. og 30. júní 2020 en henni hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna COVID-19-

¹⁴ <https://www.bio.org/events/bio-digital> og <https://www.healthtechhub.org/events/2020/9/8/nordic-life-science-days-2020>

¹⁵ <https://techbbq.dk/>

faraldursins. Auk þess sem keppt er til verðlauna styður hátíðin við frumkvöðla í skapandi greinum, hjálpar þeim að vaxa, tengjast alþjóðlegum fjárfestum, sérfræðingum og mörkuðum.¹⁶

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur staðið fyrir þátttöku Íslands í keppninni síðustu ár, kallað eftir umsóknum og undirbúið fyrirtæki í aðdraganda hennar. Skilyrði fyrir þátttöku eru að viðskiptahugmyndin hafi sterka tengingu við skapandi greinar, hafi nýsköpunargildi og markaðsmöguleika. Þá verður a.m.k. einn einstaklingur frá hverju liði að hafa menntun eða bakgrunn í skapandi greinum. Sendiráðið hefur sótt hátíðina undanfarin ár og mun kanna hvort grundvöllur er fyrir frekari aðkomu sendiráðsins og Íslandsstofu á næstu hátíðum. Til dæmis mætti skoða möguleikann á einhvers konar íslenskum hliðarviðburði.

Kortlagning á nýsköpunarumhverfinu í Kaupmannahöfn og helstu tengiliðum

Eins og fram kemur hér frammar er Kaupmannahöfn orðin mikilvæg miðstöð nýsköpunar og frumkvöðlastarfs og getur aðgangur að öflugum tengslaneti í Danmörku skipt sköpum fyrir íslensk frumkvöðlafyrirtæki. Sendiráðið vinnur nú að því að kortleggja þennan geira í Danmörku og taka saman yfirlit yfir frumkvöðlasetur, viðskiptahraðla og mikilvæga tengiliði, m.a. fjárfesta í einstökum geirum, viðskiptaengla og fleiri sem geta aðstoðað íslensk sprotafyrirtæki og veitt þeim ráðgjöf. Lögð verður sérstök áhersla á að rækta persónuleg tengsl við ofangreinda aðila og tengja þá við íslenska frumkvöðla og fjárfesta, m.a. í móttöku sendiherra á TechBBO.

Með því að ráðast í sams konar kortlagningu í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, er hægt að byggja upp heildstætt yfirlit og tengslanet á Norðurlöndunum sem mun styðja við fyrrgreinda framtíðarsýn í nýsköpunarstefnu stjórnvalda. Stefnir er að því að gera þessa kortlagninguna, eða e.k. útdrátt úr henni, aðgengilega fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki og birta á heimasíðum sendiráðsins og Íslandsstofu en það þarf að skoða með tilliti til laga og reglna um meðferð og birtingu persónuupplýsinga.

Kortlagning á Medicon Valley og stuðningi við dönsk líf- og heilbrigðistæknifyrirtæki

Á undanförunum árum hefur orðið til líf- og heilbrigðistækniklasi á heimsælikvarða á Kaupmannahafnarsvæðinu og syðsta hluta Svíþjóðar, sem hlotið hefur viðurnefnið Medicon Valley. Munu Íslandsstofa og sendiráðið vinna saman að því að kortleggja þennan klasa og skoða sérstaklega hvernig stuðningi við fyrirtækin og markaðssetningu þeirra er háttáð. Ljóst er að mikil

¹⁶ <https://cbnet.com/denmark/>

tækifæri eru í þessum geira á Íslandi og vert að skoða hvað læra má af víðtækri reynslu Dana á þessu sviði.

Ferð danskra fjárfesta til Íslands

Á fundi sendiráðsins með Dansk-íslenska viðskiptaráðinu í upphafi árs kom fram hugmynd um að standa sameiginlega að fjárfestaferð til Íslands en meðlimir ráðsins hafa tengsl við danska fjárfesta sem hafa áhuga á íslenska markaðnum, einkum á sviði tækni og nýsköpunar og byggingageirans. Hægt væri að miða við að safna saman um tíu áhugasömum dönskum fjárfestum, á hvoru sviði fyrir sig, sem væru að skoða fjárfestingar fyrir á bilinu 10–15 millj. DKK. Þessi hugmynd verður skoðuð nánar í samvinnu við viðskiptaráðið og Íslandsstofu þegar tækifæri til ferðalaga opnast að nýju eftir COVID-19-faraldurinn.

4.2 Orðspor, listir og skapandi greinar

(Tengist stefnumörkun Íslandsstofu um listir og skapandi greinar. Tengiliður hjá Íslandsstofu: Emillía Sigurðardóttir)

Íslensk menning, einkum bókmenntir, nýtur mikillar hylli í Danmörku. Það er reynsla sendiráðsins að kynning á íslenskrri menningu sé ein áhrifaríkasta leiðin til að styrkja ímynd og orðspor Íslands í Danmörku og styðja þannig við bakið á útflutningsgreinum og auka áhuga á Íslandi sem áfangastað. Hefur sendiráðið því lagt mikla áherslu á fjölbreytt menningarstarf sem náði hápunkti á aldarafmælisári fullveldisins þegar sendiráðið stóð fyrir rúmlega 50 menningarviðburðum víðsvegar um Danmörku sem yfir 10 þúsund gestir sóttu. Sendiráðið vannur náið með nágrönnunum á Norðurbryggju, í Menningarhúsi Íslands, Færeyja og Grænlands, þar sem íslenskrri menningu er gert hátt undir höfði, m.a. með árlegri kvikmyndahátíð, bókmenntakvöldum og myndlistarsýningum.

Að mati þátttakenda í vinnustofu Íslandsstofu um listir og skapandi greinar er hægt að ríflega fjórfalda gjaldeyrstekjur greinanna á næstu tíu árum. Fram kemur í framtíðarstefnunni að mikilvægt sé að Íslandsstofa vinni náið með kynningarmiðstöðvunum og listafólki að miðlun sögunnar erlendis með öflugum markaðsaðgerðum. Norðurlöndin eru nefnd meðal mikilvægra markaðssvæða fyrir hönnun, útflutning á kvikmyndum, myndlist, sviðslistir og tónlist en það vekur athygli sendiráðsins að þau eru ekki nefnd sem mikilvægt markaðssvæði fyrir bókmenntir þó að mikill áhugi sé á íslenskum bókmenntum í Danmörku og víðar í norrænu löndunum. Að mati sendiráðsins er mikilvægt að kynning á íslenskum bókmenntum sé þáttur í kynningu á íslenskrri list og skapandi greinum á Norðurlöndunum, til jafns við aðra þætti.

Þar sem sendiráðið fagnar aldarafmæli á þessu ári var lögð fram sérlega metnaðarfull menningaráætlun þar sem m.a. var gert ráð fyrir þátttöku íslenskra kvikmynda og leikstjóra í Nordatlantiske Filmdage í mars, þátttöku íslenskra rithöfunda á Christianshavn Bogfestival í apríl og bókmenntakvöldum,

m.a. í tengslum við útgáfu nýrrar þýðingar á Snorra Eddu og síðustu binda af fornaldarsögnum. Nú hefur mörgum þessara viðburða verið frestað eða þeir felldir niður vegna COVID-19-faraldursins og aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreiðslu veirunnar. Þá var gert ráð fyrir að stór sýning með verkum Hrafnhildar Arnardóttur, Shoplifter, yrði opnuð á Norðurbryggju í apríl en henni hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Hins vegar verður sýning um störf Vigdísar Finnbogadóttur opnuð á Norðurbryggju í júní, í tilefni af 90 ára afmæli hennar og 40 ára kosningarafmæli, í samstarfi við Alþingi og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir sérstakri aðkomu Íslandsstofu að ofangreindum viðburðum en sótt hefur verið um styrki fyrir kostnaðinum við þá í ýmsa sjóði sem áður hafa stutt menningarstarf sendiráðsins, m.a. A.P. Møller Fonden, Familien Hede Nielsen Fonden, Statens Kulturfond og Fonden for Dansk-íslandsk samarbejde. Hins vegar er lagt til að Íslandsstofa og sendiráðið vinni saman að eftirfarandi verkefnum.

4.2.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum

Íslensk þátttaka í dönskum hátíðum á sviði lista og skapandi greina

Að mati sendiráðsins felast mikil tækifæri í því að tengja íslenska listamenn og hönnuði betur inn í ýmsar hátíðir sem fram fara í Kaupmannahöfn. Á árinu 2018 stóðu sendiráðið og Hönnunarmiðstöð Íslands t.d. fyrir vel heppnaðri þátttöku í hátíðinni 3DaysofDesign, þar sem íslenskum hönnuðum gafst kostur á að sýna og selja vörur sínar í Illums Bolighus. Sendiráðið og Íslandsstofa skoða nú samstarfsmöguleika í tengslum við íslenska þátttöku í eftirfarandi hátíðum:

Copenhagen Fashion Week Eftir að hætt var að halda tiskuvikurnar í Ósló og Stokkhólmi er Copenhagen Fashion Week (CPHFW) eina tiskuvikan í Skandinavíu og er hún haldin tvisvar á ári, í janúar/febrúar og í ágúst. Hafa forsvarsmenn CPHFW lagt áherslu á að marka henni sérstöðu sem skandinavískri tiskuviku með áherslu á sjálfbærni og heimsmarkmiðin.¹⁷

Meðal hliðarviðburða CPHFW er fjölmiðlaviðburðurinn „Meet the Nordics“ þar sem megináherslan er á sjálfbærni í tiskuheiminum.¹⁸ Þess má geta að sendiráðið fékk upplýsingar um það á síðasta ári að ætlunin væri að standa fyrir svipuðum „Meet the Nordics“-viðburði á tiskuvikunni í París og tengdi skipuleggjendur hans við viðskiptafulltrúa í sendiráði Íslands í Frakklandi. Auk Copenhagen Fashion Week er Copenhagen Fashion Summit haldið árlega með

¹⁷ <https://copenhagenfashionweek.com/about-cfw/>

¹⁸ <https://copenhagenfashionweek.com/meet-the-nordics-opens-today-2/>

það að markmiði að vekja athygli á mikilvægum málefnum sem tengjast tiskuiðnaðinum, umhverfinu, félagsmálum og siðferði.¹⁹

Á fundi með verkefnisstjóra skapandi greina hjá Íslandsstofu í september sl., lagði sendiráðið til að reynt yrði að tengja íslenska hönnuði betur inn í CPHFW og það jafnframt kannað hvort hægt væri að snúa áherslunni frá skandinavískri hönnun yfir í norræna hönnun. Íslandsstofu kannar nú áhuga íslenskra hönnuða á þátttöku í hátíðinni.

Chart Art Fair Í lok ágúst ár hvert fer fram myndlistarmessan Chart Art Fair í Charlottenborg í Kaupmannahöfn.²⁰ Chart Art er meðal fremstu nútíma myndlistarmessa í Evrópu og er völdum norrænum galleríum boðin þátttaka, bæði með sýningu á verkum þeirra í hinni virtu listaakademíu Charlottenborg og með fyrirlestur og öðrum viðburðum. Undanfarin ár hafa Hverfisgallerí, Gallerí I8 og Berg Contemporary tekið þátt og sýnt brot af verkum sínum.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM) hefur áhuga á samstarfi um þátttöku í Chart Art og munu sendiráðið og fagstjóri Íslandsstofu kanna möguleikann á því að halda tengslamyndunarviðburð í kringum næstu hátíð í samvinnu við KÍM og íslensku galleríin. Ekki er enn ljóst hvort hátíðin verður haldin í ár en dönsk stjórnvöld hafa bannað allar fjöldasamkomur í sumar þar sem fleiri en 500 manns koma saman vegna Covid-19-faraldursins.

COP:DOX Copenhagen International Documentary Film Festival (COP:DOX) var sett á fót árið 2003 og hefur hátíðin vaxið ár frá ári. Gestir hennar í fyrra voru um 115.000.²¹ Lögð er áhersla á jákvæð áhrif heimildarmynda á samfélagið og sýndar eru myndir eftir bæði þekkta og óþekktu leikstjóra. Auk hefðbundinna kvikmyndasýninga er efnt til umræðna, tónleika og listviðburða sem tengjast heimildarmyndunum og viðfangsefnum þeirra. Samhliða hátíðinni fer fram COP:FORUM sem er þriggja daga alþjóðlegur fjármögnunar- og samframleiðsluviðburður, þar sem leikstjórar kynna verkefni sín fyrir áhrifafólki innan geirans, t.d. fjárfestum, dreifingaraðilum og öðrum mögulegum samstarfsaðilum.

Ákveðið var að aflýsa öllum viðburðum sem halda átti í kringum COP:DOX-hátíðina 18.–29. mars vegna COVID-19-faraldursins og var einungis hægt að nálgast myndirnar rafrænt. Nokkrar íslenskar myndir voru á dagskránni, m.a. síðasta mynd Jóhanns Jóhannssonar, Last and First Men, og heimildarmynd um hljómsveitina Hatara, A Song Called Hate, og til stóð að sendiráðið styddi sérstakan íslenskan viðburð í tengslum við hátíðina. Sendiráðið og Íslandsstofa munu kanna samstarfsmöguleika í tengslum við COP:DOX á næsta ári en m.a.

¹⁹ <https://www.copenhagenfashionsummit.com/the-summit/>

²⁰ <https://chartartfair.com/>

²¹ <https://en.cphdox.dk/>

hefur komið til tals að nýta megi hátíðina til að kynna endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

World Pride í Kaupmannahöfn og Malmö 2021

Dagana 12. til 22. ágúst 2021 verða hátíðirnar World Pride og Eurogames haldnar í Kaupmannahöfn og Malmö.²² World Pride var fyrst haldin í Róm árið 2000 og hefur síðan verið haldin í Jerúsalem (2006), London (2012), Toronto (2014), Madrid (2017) og síðast í New York (2019) þar sem um fimm milljón þátttakendur komu saman á Manhattan. Samtökin InterPride standa að hátíðinni og taka ákvörðun um það hvar hún skal haldin. Að sögn framkvæmdastjóra Hinsegin daga á Íslandi studdu íslensku samtökin World Pride framboð Danmerkur enda markmið skipuleggjenda að nýta hátíðina sem eins konar Nordic Pride-hátíð.

Sendiráðið telur hátíðina veita upplagt tækifæri til kynningar á áherslum Íslands á sviði mannréttinda, auk almennrar landkynningar. Á nýlegum fundi með sendiráðinu lögðu fulltrúar hátíðarinnar til að hún yrði nýtt til að vekja athygli á sögu íslenskra samkynhneigðra karlmannna sem settust að í Kaupmannahöfn áður en skriður komst á réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi. Sendiráðið telur þó mikilvægt að sjónum verði ekki aðeins beint að fortíðinni heldur einnig að því sem áunnist hefur í réttindabaráttu LGBT+-fólks á Íslandi. Meðal hugmynda sem ræddar hafa verið eru að Ísland standi fyrir bíósýningum, bókmenntaviðburðum og umræðum um ákveðin málefni sem Íslendingar vilja setja á oddinn auk þess að vera með vagn í göngunni sjálfri, mögulega með þátttöku íslenskra tónlistarmanna. Einnig er vert að skoða hvernig nýta má samfélagsmiðla í tengslum við þessa hátíð og tengja við markaðssetningu á áfangastaðnum Íslandi.

4.3 Áfangastaðurinn Ísland, áhersla á sérhæfða ferðaþjónustu

(Tengist stefnumörkun Íslandsstofu um ferðaþjónustu. Tengiliðir hjá Íslandsstofu: Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, Oddný Arnarsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir (matarferðaþjónusta))


Danmörk telst þroskaður markaður fyrir ferðamenn til Íslands og eru margar danskar ferðaskrifstofur með áralanga reynslu af sölu á Íslandsferðum. Á stefnumótunarvinnustofum Íslandsstofu kom fram að megináhersla ferðaþjónustunnar er á að viðhalda lykilmarkaðssvæðum í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, hvort sem litið er til markaðssetningar til neytenda eða viðskiptatengsla. Jafnframt kom fram að Norðurlöndin væru mikilvægir kjarnamarkaðir sem yrði að viðhalda en ekki voru talin mörg vaxtartækifæri á þeim svæðum.

²² <https://copenhagen2021.com/worldpride/>

Flugsamgöngur milli Íslands og Danmerkur hafa verið tíðar allt árið um kring þó að þær hafi stöðvast tímabundið vegna COVID-19-faraldursins.

Kaupmannahafnarflugvöllur var sú erlenda flughöfn sem flestir nýttu til að fljúga til og frá Íslandi og samkvæmt ferðavefnum Túrasta var Icelandair á síðasta ári í 9. sæti yfir umsvifamestu flugfélögin á Kastrup. Bæði Icelandair og SAS hafa boðið upp á reglulegt heilsárs áætlunarflug á milli Keflavíkur og Kastrup auk þess sem Icelandair flýgur til Billund. Í kjölfar brotthvarfs WOW Air af markaðnum fjölguðu bæði flugfélögin ferðum sínum á milli landanna, einkum yfir vetrartímann, og var 17% aukning á fjölda farþega Icelandair á þessari leið milli árana 2018 og 2019.²³

Fjöldi danskra ferðamanna til Íslands hefur vaxið nokkuð stöðugt á undanförunum árum, úr um 38.000 árið 2010 í tæplega 50.000 árið 2019, sem nemur 2,5% af heildarfjölda ferðamanna. Voru Danir þar með í 9. sæti yfir fjölmennustu þjóðernin, en benda má á að ef litið er til höfðatölu ferðuðust hlutfallslega flestir Danir til Íslands (um 0,78% Dana ferðuðust til Íslands á árinu 2019 samborið við 0,13% Bandaríkjamanna, 0,3% Breta, 0,14% Þjóðverja og 0,13% Frakka). Ef markaðssvæðið Skandinavía (Danmörk, Noregur og Svíþjóð) er skoðað sem ein heild var það í þriðja sæti í komum ferðamanna á árinu 2018 en í fjórða sæti á árinu 2019, en fækkun varð á komum ferðamanna frá öllum þremur löndunum á milli árana 2018 og 2019.



Mynd 5: Fjöldi ferðamanna frá Norðurlöndum (komur í Leifsstöð).

Heimild: Ferðamálastofa.

²³ <https://turisti.is/2020/01/48-thusund-faerri-fartheagar-fra-kaupmannahofn-til-islands/>

Í könnun ferðamálastofu *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf* sem birt var í júlí sl. kom fram að Danir gistu að meðaltali 6,4 nætur á Íslandi sem er rétt yfir meðaltali (6,3 nætur yfir vetrartímamann en 8,4 yfir sumartímamann). Megintilgangur ferðarinnar var í flestum tilfellum frí eða 62,7% en hærra hlutfall Dana heimsótti Ísland vegna ráðstefnu og hvataferða (17,5% samanborið við 2,8% allra ferðamanna) og vegna heimsóknar til vina eða vandamanna (9,7% samanborið við 2,5% allra ferðamanna). Aðspurðir hvernig hugmyndin að Íslandsferð hefði komið til nefndu 92% náttúruna en 35% nefndu einnig umfjöllun í blaði eða tímariti sem er hærra en á flestum öðrum mörkuðum. Þá nefndu 25,8% íslenskan mat, 17,4% íslenskar bókmenntir, 15,8% íslenskar kvikmyndir og 11,6% íslenska tónlist.

Vorferðir til Íslands virðast höfða meira til danskra ferðamanna en annarra en 25,5% svarenda vildu koma aftur í apríl eða maí (meðaltalið var 12,2%), en 52,6% hafa áhuga á ferð yfir sumartímamann, 10,9% á haustin og 11% yfir vetrarmánuðina. Aðspurðir hvað hefði verið minnisstæðast í ferðinni nefndu flestir Danir náttúruna (57%), afþreyingu, menningu og viðburði (38%), gullna hringinn (37%) og upplifun eða reynslu (19,1%). Danir voru ánægðastir með upplifun sína á Norðurlandi, Suðurlandi og Austurlandi en óánægðastir á Vestfjörðum. Fram kom að 49% danskra ferðamanna töldu það mjög líklegt að þeir vildu ferðast aftur til Íslands, 30% töldu það frekar líklegt, 3,1% frekar ólíklegt og 7,2% mjög ólíklegt.²⁴

Samkvæmt markaðskönnun sem Íslandsstofa lét framkvæma í Danmörku á árinu 2019, hafa 39,3% ungmenna af svokallaðri þúsaldarkynslóð áhuga á að ferðast til Íslands innan næstu þriggja ára og 42,2% þeirra sem eru á aldrinum 30 til 39 ára. Í greiningunni kom fram að helsta virði danska markaðarins fyrir íslenska ferðaþjónustu væri: „*travels during wintertime, active traveller, likely to revisit, cares about environment and nature, ready to pay for quality, service and goods, careful by nature and seeks guidance and quality certifications, willing to travel further and visit smaller communities*“.²⁵

Áhugi á sérhæfðri ferðamennsku í Danmörku hefur farið vaxandi á síðustu árum, m.a. á ævintýraferðamennsku, mat, menningu, heilsu og vellíðan. Fer þetta vel saman við áherslu framtíðarstefnunnar varðandi íslenska ferðaþjónustu auk markmiða Íslandsstofu um að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímamann og dreifa þeim betur um landið. Einnig má benda á að í ljósi loftslagsváringar og losun í hverri flugferð fer markaðssetning á ferðum til Íslands frá Norðurlöndunum og Vestur-Evrópu betur saman við leiðarljós Íslandsstofu um sjálfbærni en markaðssetning á ferðum frá t.d. Austur-Asíu.

²⁴ <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>

²⁵ <https://www.islandsstofa.is/media/1/denmark-snapshot-2019-tq.pdf>

Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafarfyritækinu Ehrenberg Sørensen, sem vann með Íslandsstofu að skipulagi ferðamálavinnustofa sem haldnar voru í Skandinavíu í nóvember 2019, kjósa Danir helst að ferðast til nærliggjandi landa innan Evrópu. Flestir leita ráða hjá vinum og ættingjum varðandi val á áfangastað en líkt og annars staðar nýtir fólk sér netið í síauknum mæli.

Jafnframt eru Danir áhugasamir um að deila færslum frá ferðalögum sínum á samfélagsmiðlum, einkum ef þeir hafa upplifað eitthvað einstakt og ólíkt því sem þekktist í heimalandinu – svokallaða „Instagram-minningu“. Mikil eftirspurn er t.d. í Danmörku fyrir náttúru í bland við munað, heilsu og vellíðan og því tilvalið að markaðssetja útiböð, náttúruleugar og heilsulindir sérstaklega í Danmörku.

Á nýlegum fundi ANTOR (Association of National Tourist Office Representatives) í Danmörku greindu sérfræðingar hjá Copenhagen Institute for Future Studies frá því að líklegt væri að COVID-19-faraldurinn mundi hafa víðtæk áhrif á ferðahegðun Dana á næstu árum. Þó að óvissuþættirnir væru enn margir mætti gera ráð fyrir að Danir mundu í auknum mæli kjósa að ferðast innanlands og til nærliggjandi landa sem þeir treystu og teldu örugg, m.a. með tilliti til heilbrigðiskerfisins. Töldu sérfræðingarnir mikil tækifæri geta falist í þessu fyrir ferðapjónustu annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Þetta er þó að sjálfsögðu háð því að landamæri og samgöngur opnast á ný milli landanna, en mögulegt er að það verði gert með tvíhliða eða svæðisbundnum samningum.

Fyrir utan áhrif af völdum COVID-19-faraldursins eru helstu áskoranir á danska markaðnum umræðan um offjölgun ferðamanna á Íslandi, sem hefur verið áberandi í Danmörku á síðustu árum, og vaxandi „flugvískubít“, einkum meðal ungs fólks. Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því í Danmörku að hafa áhrif á þá trú að Ísland sé yfirfullt af ferðamönnum og fer það saman við að kynna áfangastaði hringinn í kringum landið og yfir vetrartímann.

Loks leggur sendiráðið til, með vísan til þess sem fram hefur komið í þessum kafla og í kaflanum um menningu og skapandi greinar, að lögð verði áhersla á danska markaðinn í tengslum við „Season of Creativity“-herferð Íslandsstofu.

4.3.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum

Sendiráðið og Íslandsstofa hafa þegar mótað nokkur samstarfsverkefni á sviði ferðamála fyrir árið 2020:

- Greining á framtíðaráformum ANTOR (Association of National Tourist Office Representatives) í Danmörku og ávinningi af þátttöku Íslands
- Íslandskynningar hjá dönskum ferðaheildsölum
- Samskipti og greining á helstu fjölmiðlum í Danmörku
- Greining á danska markaðnum

Að auki leggur sendiráðið til eftirfarandi samstarfsverkefni á sviði ferðamála.

Íslandskynning í Árósum í samstarfi við Dansk-íslenska viðskiptaráðið

Á fundi með sendiráðinu í upphafi árs kynntu fulltrúar Dansk-íslenska viðskiptaráðsins hugmynd að tveggja daga viðburði í Árósum þar sem áhersla yrði einkum lögð á kynningu á Íslandi sem áfangastað ferðamanna og á íslensk matvæli. Lagt var til að viðburðurinn yrði haldinn haustið 2020, mögulega í tengslum við Aarhus Festival og/eða Aarhus Food Festival sem eru þekktar hátíðir á Jótlandi. Þetta þarf að meta þegar ljóst verður hve langvinn áhrifin af COVID-19-faraldrinum verða í Danmörku en til greina kemur að fresta viðburðinum til næsta árs.

Hugmyndin gerir ráð fyrir að á fyrri degi viðburðarins verði áhersla á tengslamyndun á milli íslenskra framleiðenda og danskra söluaðila en á seinni deginum á markaðssetningu til neytenda. Lögð verði sérstök áhersla á kynningu á áfangastaðnum en einnig boðið upp á íslenska list í einhverju formi, t.d. bókmenntakynningu eða tónleika. Gert er ráð fyrir að viðburðurinn verði haldinn við höfnina í Árósum og reynt verði að tryggja þátttöku fulltrúa í borgarstjórn og vekja áhuga fjölmiðla í Árósum. Sendiráðið styður hugmyndina enda er góð reynsla af því að halda viðburði utan Kaupmannahafnar, til dæmis stóðu sendiráðið og Dansk-íslenska viðskiptaráðið að vel heppnaðri matvælahátíð í Odense árið 2016.

Kynningarviðburður fyrir danskar ferðaskrifstofur

Icelandair hefur á undanförmum árum staðið fyrir nokkrum kynningum á Íslandi fyrir ferðaþjónustuaðila í Danmörku í sendiherrabústaðnum, síðast í janúar 2018 þegar áherslan var á ráðstefnu- og hvataferðir. Þá stóð Íslandsstofa fyrir ferðamálavinnustofu í sendiherrabústaðnum í nóvember sl. Hafa þessir viðburðir verið vel sóttir og almenn ánægja með þá meðal ferðaskrifstofa sem selja Íslandsferðir.

Sölustjóri Icelandair í Danmörku hafði samband við sendiráðið í upphafi árs og lýsti áhuga á að standa fyrir almennri Íslandskynningu fyrir mikilvæga tengiliði innan ferðaþjónustunnar í apríl/maí eða ágúst/september. Sendiráðið leggur til að slíkur viðburður verði haldinn þegar tækifæri fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi opnast aftur eftir COVID-19-faraldurinn, m.a. til að stappa stálinu í ferðaskrifstofur sem selja ferðir til Íslands og styðja við fyrirhugaða markaðsherferð Íslandsstofu.

Blaðamannaferð til Íslands með áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu og matvæli

Rætt hefur verið við verkefnisstjóra Íslandsstofu fyrir markaðssetningu á áfangastaðnum í Danmörku um að skipulögð verði blaðamannaferð frá Norðurlöndunum með áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu og mat. Kynning á þessu tvennu fer vel saman og eins og fram kom fram eru Danir áhugasamir um góðan mat og heilsuferðamennsku og mikil tækifæri felast í að auka meðvitund á markaðnum um það sem Ísland hefur upp á að bjóða á þessu sviði.

Eins og fjallað verður um í næsta kafla felast líka sóknarfæri í því að tengja íslenskt hráefni og kokka betur inn í nýnorrænu matargerðina, sem hefur óformlegar höfuðstöðvar í Kaupmannahöfn, og tilvalið að nýta ferðina einnig til þess.

Þar sem Danir eru almennt ánægðastir með upplifun sína af Norðurlandi leggur sendiráðið til að sjónum verði beint þangað, einkum að hinum svokallaða heilsuhring (jarðböð, sjóböð, björböð o.fl.) en einnig má nýta ferðina til að kynna „demantshringinn“ og matarauð Norðurlands. Slík ferð fellur vel að því sem fram kom á stefnumótunarástæðum; að í eflingu vetrar- og vellíðunarferðapjónustu sé mikið vaxtartækifæri fyrir Norðurland. Umfjöllun í dönskum miðlum um ferðamennsku á Norðurlandi getur einnig verið liður í að sporna gegn skaðlegri umræðu um offjölgun ferðamanna á Íslandi. Loks benda niðurstöður könnunar Ferðamálastofu, sem greint var frá hér framar, til þess að blaðamannaferðir hafi tiltölulega mikil áhrif á danska markaðnum þar sem um 35% danskra ferðamanna nefndu að hvatinn að Íslandsferð hefði verið umfjöllun í blaði, sem er hærra hlutfall en á flestum mörkuðum.

Norðurslóðadagar á Norðurbryggju

Helgina 31. október til 1. nóvember 2020 fer fram árleg norðurslóðahátíð á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. Síðustu hátíð sóttu yfir 10.000 gestir á öllum aldri sem eru áhugasamir um náttúru og menningu á norðurslóðum. Er þetta því gott tækifæri til almennrar landkynningar og kynningar á áfangastaðnum Íslandi. Skipulag hátíðarinnar er í höndum Grønlandske selskab, Kaupmannahafnarháskóla, Arctic Friends og Norðurbryggju en sendiráðið kemur einnig að henni ásamt sendiskrifstofum Grænlands og Færeyja. Kostnaður fyrir Ísland felst eingöngu í þeim kostnaði sem fylgir þátttöku einstakra íslenskra fyrirlesara eða listamanna.

Þar sem Íslendingar gegna nú formennsku í Norðurskautsráðinu er við hæfi að Ísland verði í áberandi hlutverki á hátíðinni í ár. Meðal hugmyndasem hafa verið ræddar eru kynning á norðurslóðastefnu og/eða formennskuáætlun Íslands, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun á norðurslóðum, bókmenntaviðburðir og kynningar á áfangastaðnum, t.d. með áherslu á ævintýraferðamennsku eða heilsutengda ferðapjónustu. Hátíðin veitir einnig tækifæri til kynningar og sölu á íslenskum matvælum og til kynningar á íslenskum grænum lausnum og sjálfbærri orku. Þess má geta að í tengslum við hátíðina í fyrra var opnuð ljósmyndasýning með verkum Ragnars Axelssonar og Carsten Egevang á Norðurbryggju og boðið var upp á listamannaspjall í anddyri sendiráðsins.

Markaðssetning til neytenda og íslensk þátttaka á ferðamála messum í Danmörku

Sendiráðið leggur til að skoðað verði hvort rétt sé að leggja aukna áherslu á að höfða beint til danskra neytenda í markaðssetningu á Íslandi, m.a. með auglýsingum (business to consumer í stað einungis business to business).

Danskar ferðaskrifstofur sem selja Íslandsferðir hafa flestar áralanga reynslu og Danir skipuleggja í síauknum mæli ferðir sínar sjálfir í gegnum netið. Jafnframt leggur sendiráðið til að metið verði í samstarfi við hagsmunaaðila hvort rétt sé að vera með sérstakan Íslandsbás á helstu ferðamálalessum í Danmörku, t.d. *Ferie for Alle* í Herning og *Rejsemessen for kvalitetsrejser* í Kaupmannahöfn.²⁶

4.4 Íslensk matvæli og náttúruafurðir

(Tengist stefnumörkun Íslandsstofu um ferðaþjónustu, sjávarútveg og sérhæfð matvæli auk markmiða verkefnisins Matarauður Íslands. Tengiliðir hjá Íslandsstofu: Erna Björnsdóttir og Kristinn Björnsson)

Á stefnumótunarvinnustofum Íslandsstofu kom fram, að þótt flestir útflytjendur sérhæfðra matvara og náttúruafurða tengi sig með einhverjum hætti við ímynd Íslands, séu sóknarfæri til að gera enn betur og marka Íslandi sameiginlega sögu sem upprunaland hreinna og heilnæmra matvæla og náttúruafurða sem unnar eru með sjálfbærum hætti. Á vinnustofunum var jafnframt lögð áhersla á mikilvægi þess að hjálpa fyrirtækjum á þessu sviði við að efla viðskiptatengsl á nýjum mörkuðum og miðla sögunni til neytenda á hefðbundnum mörkuðum. Norðurlöndin voru nefnd sem mikilvægur kjarnamarkaður fyrir íslensk matvæli en talin var minni þörf á stuðningi fyrir fyrirtækin til að ná fótfestu þar. Töldu fagaðilarnir ýmis tækifæri felast í að tengja íslensk matvæli betur við „Nordic“-vörumerkið. Fer þetta vel saman við markmið verkefnisins Matarauður Íslands en í kynningarbaklingi þess kemur m.a. fram að þörf sé á markvissri kynningarstefnu til að skapa áhuga og eftirspurn eftir íslensku hráefni sem haldist í hendur við að þróa Ísland sem eftirsóttan mataráfangastað.²⁷

Samkvæmt könnun Íslandsstofu meðal íslenskra matvælafyrirtækja frá 2018 var Danmörk í fimmta sæti með raðstuðulinn 12,9 þegar fyrirtæki voru beðin um að nefna þrjú helstu viðskiptalönd sín. Til samanburðar var raðstuðull Danmerkur 13,3 árið 2015. Tiltölulega fá fyrirtæki sem nú stunda útflutning nefndu Danmörku sem eitt þeirra landa sem þau hefðu mestan áhuga á að hefja útflutning til (raðstuðull 2). Hins vegar er athyglisvert að Danmörk var í öðru sæti á eftir Bandaríkjunum með raðstuðulinn 29,4 meðal matvælafyrirtækja sem ekki stunda útflutning.²⁸ Þetta styður við það sem áður hefur komið fram, að íslensk fyrirtæki líti gjarnan á Danmörku sem góðan tilraunamarkað fyrir vörur sínar eða framlengingu á heimamarkaði.

Danmörk er höfuðborg nýnorrænu matargerðarlistarinnar sem nýtur mikillar virðingar meðal mataráhugamanna um allan heim. Nú eru 17 veitingastaðir í

²⁶ <https://www.ferieforalle.dk/> og <https://vagabond.info/messer/kvalitetsrejser-i-Øksnehallen/>

²⁷ Bæklingurinn Okkur að góðu, Matarauður Íslands: <https://matarauður.is/wp-content/uploads/2018/03/Matarau%C3%B0ur-1%C3%81slands-1.pdf>

²⁸ <https://www.islandsstofa.is/media/1/utflutningur-islenskra-matvaela-2018.pdf>

Kaupmannahöfn með samtals 22 Michelin-stjörnur. Það eru mikil tækifæri í því fyrir íslenska matarframleiðendur, og eins fyrir matartengda ferðapjónustu, að tengja íslensk matvæli og íslenska kokka betur inn í þessa hreyfingu. Áhuginn virðist vera gagnkvæmur og hefur íslenskum kokkum verið boðið að vera gestakokkar á virtum dönskum veitingahúsum. Til dæmis var Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumeistari á Slippnum í Vestmannaeyjum, í upphafi árs gestakokkur á veitingastaðnum Manfreds þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni, nýsköpun í matargerð og uppruna hráefnanna.²⁹

Sendiráðið telur mikil sóknarfæri í útflutningi matvæla og náttúruafurða til Danmerkur þar sem neytendur tengja íslenskar vörur almennt við gæði og hreinleika. Eins og sjá má í tölfraeðiyfirlitinu í viðauka hefur vægi mat- og drykkjarvara í útflutningi til Danmerkur aukist töluvert á undanförunum árum og samsvaraði um helmingi vöruútflutnings árið 2019.

Danir eru mikil matarþjóð og þó að danskir neytendur séu almennt sparsamir er kaupmáttur mikill og þeir verða sífellt meðvitaðri um uppruna og hreinleika þeirra vara sem þeir neyta. Íslenskur fiskur og lambakjöt nýtur töluverðra vinsælda í Danmörku og hefur salan á skyri tífaldast undanfarin 3–4 ár þannig að nú er selt meira af skyri í Danmörku en jógúrt. Þó að skyrið sé framleitt í Danmörku eru danskir neytendur almennt vel meðvitaðir um íslenskan uppruna þess og vinsældirnar hafa án efa átt þátt í að auka hróður íslenskra matvæla almennt.

Íslenskar matvörur fást víða í verslunum í Danmörku og nú er einnig hægt að kaupa íslenskt lambakjöt og grænmeti frá fyrirtækinu Pure Arctic í einni stærstu matarvefverslun Danmerkur, Nemlig.com. Í markaðssetningu Pure Arctic er lögð áhersla á hreinleika Íslands og græna orkunotkun og tekið er fram að íslenskt grænmeti sé framleitt án skordýraeiturs en mikil umræða hefur verið í Danmörku undanfarið um skordýraeitur í grænmeti. Samkvæmt upplýsingum frá Sölufélagi garðyrkjumanna bjóða Danir gott verð fyrir vöruna og gera ekki kröfu um lífræna vottun hennar eins og t.d. sænskar, þýskar og japanskar verslanir sem einnig hafa sýnt grænmetinu áhuga.³⁰ Þó ber að hafa í huga að samkvæmt nýlegri könnun stjórnvalda kjósa 75% Dana að kaupa lífrænar vörur, sem er mjög hátt hlutfall miðað við önnur ríki, og ljóst að þær vörur sem hafa lífræna vottun hafa ákveðið samkeppnisforskot á danska markaðnum.

Fram kom á fundi sendiráðsins með framkvæmdastjóra Icelandic Lamb sl. haust að áhugi væri á að auka útflutning á lambakjöti til Danmerkur. Sendiráðið telur mikil tækifæri felast í þessu og leggur til að skoðað verði í samvinnu við

²⁹ <https://www.manfreds.dk/>

³⁰ Íslensk grænmetisræktun stenst ekki kröfur nýs samevrópsks staðals um lífræna vottun sem leyfir notkun skordýraeiturs, en ekki það köfnunarefni sem íslenskir bændur nota né að tómatar séu ræktaðir í yfir 1 metra hæð frá jörðu sem er mikilvægt atriði í ylrækt.

fagstjóra Íslandsstofu með hvaða hætti hægt er að styðja við markaðssetningu á íslensku lambakjöti á danska markaðnum.

Jafnframt telur sendiráðið mikil tækifæri felast í að auka útflutning til Danmerkur á fæðubótarefnum, snyrtivörum og öðrum vörum sem framleiddar eru úr hráefnum úr íslenskri náttúru. Á undanförunum árum hafa EGF-droparnir og aðrar vörur frá ORF líftækni hlotið mikla og jákvæða umfjöllun í dönskum fjölmiðlum og eru meðal mest seldu varanna í snyrtivörudeild stórverslunarinnar Magasin. Ísland er því þegar orðið þekkt sem framleiðandi hágæða snyrtivara og náttúruafurða og getur það greitt leiðina inn á markaðinn fyrir aðrar slíkar vörur.

Þess má geta að á undanförunum árum hefur sendiráðið skipulagt tvo vel heppnaða viðburði þar sem megináhersla var lögð á að kynna íslensk matvæli, annars vegar í samstarfi við fyrirtæki danska stjórnukokksins Claus Meyer árið 2012 og hins vegar í Nordatlantisk Hus í Odense árið 2015. Þóttu báðir viðburðirnir heppnast vel og sýna þann áhuga sem er á íslenskum matvælum í Danmörku. Þá hafa ýmsir aðrir menningar- og viðskiptaviðburðir sem haldnir hafa verið á vegum sendiráðsins verið nýttir til að kynna íslensk matvæli, t.d. hátíð íslenska hestsins á Norðurbryggju í október 2018, móttaka sendiherra á TechBBQ í september sl. og Kulturnat í október sl. Þar sem gestum var boðið upp á 2.500 prufuskammta af íslensku lambakjöti. Loks hefur sendiráðið lagt áherslu á að kynna þann árangur sem náðst hefur á Íslandi við fullnýtingu sjávarafurða og skipulagði m.a. vel heppnaða kynningu á íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum sem framleiða vörur úr hliðarafurðum sjávarfangs á Norðurbryggju haustið 2017.

4.4.1 Verkefni fram undan og hugmyndir að samstarfsverkefnum

Íslenskir dagar á Broens Gadekøkken

Matarmarkaðurinn Broens Gadekøkken var opnaður sumarið 2018 af eigendum Copenhagen Street Food og Noma með það fyrir augum að bjóða upp á hágæða götumat frá öllum heimshornum.³¹ Hefur markaðurinn á skömmum tíma fest sig í sessi sem einn vinsælasti matarmarkaður Kaupmannahafnar og þar safnast saman fjöldi danskra og erlendra mataráhugamanna. Markaðurinn er á stóru torgi bak við sendiráðið, við brúna yfir til Nyhavn. Torgið hefur sterka tengingu við Ísland og íslensk matvæli enda þjónaði það í 200 ár sem miðstöð verslunar með harðfisk, síld og hvalkjöt frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum sem selt var áfram á markaði víða um Evrópu.

Markaðsstjóri Broens Gadekøkken hefur leitað eftir samstarfi við sendiráðið og meðal annars nefnt möguleikann á að bjóða þar upp á íslenska tónlistar- eða

³¹ <https://thebridgestreetkitchen.com/>

menningarviðburði, gestakokka, „pop up“-matarvagna, vörukynningar og jafnvel íslenska daga. Hugmyndirnar hafa verið lauslega ræddar við Dansk-Íslenska viðskiptaráðið sem tók vel í e.k. samstarf. Verður þessi hugmynd skoðuð betur þegar takmörkunum á samkomum vegna COVID-19-faraldursins verður aflétt í Danmörku og matarmarkaðir fá leyfi til að opna aftur.

Íslandsheimsókn áhrifamikilla kokka á sviði nýnorrænnar matargerðar

Eins og fram kom hér framar töldu fagaðilar á stefnumótunavinnustofunum ýmis tækifæri felast í því að tengja íslensk matvæli betur við Norðurlöndin og „Nordic“-vörumerkið. Sem lið í þessu mætti bjóða nokkrum áhrifamiklum dönskum (eða norrænum) kokkum, sem eru leiðandi í nýnorrænni matargerð, í ferð til Íslands með það að markmiði að kynna þeim íslenska hrávöru og framleiðsluaðferðir, með áherslu á hreinleika og uppruna vörunnar. Inn í þetta mætti flétta sögunni af íslenskum hefðum í matargerð og nýsköpun auk nýtingar orkunnar og íslensku náttúrunnar. Markmiðið væri að vekja athygli á sérstöðu íslensks hráefnis og matarmenningar og auka hlutdeild hennar í heildarímynd Íslands.

Slík ferð myndi einnig nýtast til að skapa tengsl á milli dönsku (eða norrænu) kokkana og íslenskra kokka, til dæmis mætti sjá fyrir sér að dönsku kokkarnir ynnu með íslenskum starfsbræðrum að því að skapa nýnorrænan matseðil úr íslenskri hrávöru sem svo gæti verið í boði tímabundið á veitingastöðum, líkt og gert hefur verið á Food & Fun-hátíðinni. Mikilvægt er að vörunnar sem kynntar væru fyrir dönsku kokkunum væru söluvænlegar og fáanlegar erlendis. Þá mætti bjóða matarblaðamönnum með í ferðina til að tryggja umfjöllun í dönskum fjölmiðlum.

Kynning á snyrtivörum og fæðubótarefnum úr íslenskri náttúru

Eins og fram kom hér framar telur sendiráðið mikil sóknarfæri á danska markaðnum fyrir framleiðendur fæðubótarefna, snyrtivara og annarra vara sem framleiddar eru úr hráefnum úr íslenskri náttúru. Íslandsstofa og sendiráðið munu kanna áhuga þessara fyrirtækja á danska markaðnum og skoða með hvaða hætti styðja má við kynningar- og markaðsstarf þeirra. Til dæmis með kynningarviðburði fyrir fjölmiðla, söluaðila og fjárfesta á Norðurbryggju eða í sendiherrabústaðnum.

Blaðamannaferð til Íslands með áherslu á heilsutengda ferðapjónustu og matvæli

Sjá umfjöllun um blaðamannaferð frá norrænu löndunum í kaflanum um kynningu á áfangastaðnum á bls. 27.

Íslandskynning í Árósum í samstarfi við Dansk-Íslenska viðskiptaráðið

Sjá umfjöllun um Íslandskynningu í Árósum í kaflanum um kynningu á áfangastaðnum á bls. 26.

4.5 Sjálfbærni og grænar lausnir

(Tengist stefnumörkun um orku og grænar lausnir og markmiðum Grænvangs. Tengiliður hjá Íslandsstofu: Einar Hansen Tómasson. Tengiliður hjá Grænvangi: Eggert Benedikt Guðmundsson)

Danir hafa á undanförmum árum lagt mikla áherslu á að kynna Danmörku sem land sjálfbærni og grænna lausna, m.a. í gegnum State of Green.³² Þeir líta ekki aðeins á loftslagsbreytingar sem ógn heldur einnig sem tækifæri til að flytja út danska þekkingu. Mikil vinna hefur verið lögð í það á undanförmum árum að greina hvernig dönsk fyrirtæki geti á arðbæran hátt lagt sitt af mörkum til þróunarsamvinnu með heimsmarkmiðin og sjálfbærni að leiðarljósi.

Umhverfis- og loftslagsmál voru stærsta kosningamálið í síðustu kosningum til danska þjóðþingsins sem fram fóru í maí 2019. Í kjölfarið setti ný ríkisstjórn jafnaðarmanna metnaðarfullt markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 70% fyrir árið 2030. Þá er stefnt að því að Danmörk verði kolefnishlutlaust árið 2050. Útfærslan liggur ekki enn fyrir en ríkisstjórnin hefur hafið samráð við þrettán greinar atvinnulífsins um það hvernig ná megir markmiðinu innan hvernar greinar. Danskt atvinnulíf hefur einnig sýnt aðdáunarvert frumkvæði í loftslagsmálum en á ársfundum sínum í september sl. kynnti Dansk Industri áætlun um hvernig Danmörk geti dregið úr losun um 65% og samtímis tryggt vöxt og skapað 120.000 störf í einkageiranum.³³ Nokkru síðar tilkynntu danskir lífeyrissjóðir að þeir hygðust fjárfesta fyrir 46 milljarða evra í grænni þróun til ársins 2030.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um Danmörku frá febrúar sl. kemur fram að markmið um kolefnishlutleysi árið 2050 kalli á umtalsverðar fjárfestingar á ýmsum sviðum, m.a. í orkumálum, samgöngum og landbúnaði. Bent er á að Danmörk standi einna fremst ESB-ríkja varðandi þróun grænna lausna. Dönsk „græn fyrirtæki“ séu almennt stærri, með meiri framleiðni og útflutningsdrifnari en önnur fyrirtæki sem setji Danmörku í þá öfundsverðu stöðu að geta haft fjárhagslegan ávinning af grænum umskiptum í efnahagslífi heimsins. Baráttan gegn loftslagsbreytingum gæti því stuðlað að hagvexti í Danmörku.³⁴

Færa má rök fyrir því að stærsta framlag sem Ísland getur veitt til loftslagsmála sé að kynna reynslu okkar á sviði endurnýjanlegrar orku og grænna lausna erlendis. Þá felast mikil tækifæri í því fyrir íslenskan útflutning og samkeppnisstöðu að Ísland verði þekkt fyrir að vera leiðandi á sviði

³² <https://stateofgreen.com/en/>

³³ <https://www.danskindustri.dk/politik-og-analyser/2030/>

³⁴ European Commission, Country Report Denmark 2020: https://ec.europa.eu/info/sites/info/files/2020-european-semester-country-report-denmark_en.pdf

endurnýjanlegar orku og grænna lausna, eins og kemur fram í framtíðarstefnumótuninni. Þar sem umhverfis- og loftslagsmál eru nú efst á baugi í þjóðfélagsumræðu í Danmörku og neytendur sérlega meðvitaðir um hreinleika og uppruna vara getur aukin meðvitund um endurnýjanlega orku á Íslandi og grænar lausnir haft mjög jákvæð áhrif á vörumerki íslenskra fyrirtækja og mynd Íslands almennt.

Þó að Norðurlöndin séu ekki nefnd sem mikilvæg markaðssvæði varðandi grænar lausnir og sjálfbærni í framtíðarstefnunni telur sendiráðið í ljósi framangreinds rétt að leggja áherslu á þessi mál í viðskiptastarfi sínu. Sendiráðið mun áfram fylgjast vel með stefnumótun og aðgerðum danskra stjórnvalda og atvinnulífs á sviði loftslagsmála, miðla upplýsingum til viðeigandi aðila á Íslandi, m.a. til Grænvangs, og benda á tækifæri sem kunna að skapast. Einnig mun sendiráðið nýta þau tækifæri sem gefast til að kynna framlag Íslands til loftslagsmála og vekja athygli á grænum lausnum frá Íslandi og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Þess má geta að sendiráðið hefur á undanföllum árum staðið fyrir tveimur vel heppnuðum viðburðum í Kaupmannahöfn sem vöktu athygli á árangri Íslands í fullnýtingu sjávarafurða, annars vegar kynningu á Sjávarklasanum og íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum í sjávarútvegi haustið 2017 og hins vegar tveggja daga viðburði um hafið á Ungdommens Folkemøde í september sl.

Loks mun sendiráðið styrkja tengslin við alþjóða- og svæðisbundnar stofnanir sem hafa skrifstofur í Kaupmannahöfn og vinna að umhverfismálum og sjálfbærni. Norræna ráðherranefndin, sem er með skrifstofur í Kaupmannahöfn, setti sl. sumar fram nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf sem felur í sér að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030. Sendiráðið mun fylgjast vel með framkvæmd þessarar stefnu og væntanlegri aðgerðaáætlun og skoða hvort tækifæri séu í þessu fyrir íslensk fyrirtæki, t.d. á sviði endurnýjanlegar orku og grænna lausna. Þá mun sendiráðið leitast við að styrkja tengsl við stofnanir Sameinuðu þjóðanna í UN City í Kaupmannahöfn, en norræna skrifstofa UNDP vinnur t.d. ötulllega að því að auka nýsköpun í einkageiranum og þátttöku fyrirtækja í þróunarstarfi í þágu sjálfbærni og heimsmarkmiðanna.

4.5.1 Verkefni fram undan

Kynning á árangri Íslands í loftslagsmálum og íslenskum grænum lausnum

Stefnt er að því að Grænvangur verði með kynningu á árangri Íslands í loftslagsmálum og íslenskum grænum lausnum í sendiherrabústaðnum haustið 2020. Til hennar verður m.a. boðið þeim 17 sendiherrum gagnvart Íslandi sem hafa aðsetur í Kaupmannahöfn en sendiráðið hefur reglulega staðið fyrir vel sóttum kynningum fyrir þann hóp, m.a. um stjórnmalapróun á Íslandi og formennskuáherslur Íslands í Norðurskautsráðinu. Einnig er hugsanlegt að bjóða til viðburðarins sendiherrum annarra ríkja í Kaupmannahöfn og dönsku áhrifafólki á þessu sviði.

4.6 Íslenski hesturinn

(Tengist markmiðum verkefnisins Horses of Iceland. Tengiliður hjá Íslandsstofu: Jelena Ohm)

Vinsældir íslenska hestsins hafa aukist mikið í Danmörku á undanförunum árum og er ímynd hans mjög jákvæð. Nú eru um 44.000 hreinræktaðir íslenskir hestar í Danmörku, en þeir voru aðeins 27 árið 1967, og í Dansk Islandshesteforening eru nú um 10.000 meðlimir í 62 klúbbum víðs vegar um landið. Samkvæmt dagblaðinu Politiken fæðast um 1.700 íslensk folöld í Danmörku árlega, fleiri en af dönskum hestakynjum.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni nam útflutningur íslenskra hrossa um 10 milljörðum ISK síðastliðinn áratug. Árið 2018 fóru flest hross til Þýskalands (535) en næststærstu markaðir voru Svíþjóð (191) og Danmörk (156). Eins og fram kemur í tölfræðilegri samantekt um viðskipti Íslands og Danmerkur í viðauka, nam útflutningsverðmæti íslenskra hrossa til Danmerkur á árunum 2010 til 2019 alls um 1,6 milljörðum ISK.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn hefur undanfarin ár unnið náið með Horses of Iceland við að styrkja ímynd íslenska hestsins í Danmörku. Í október 2018 stóðu sendiráðið og Horses of Iceland ásamt Dansk Islandshesteforening fyrir skrúðreið íslenska hestsins um miðborg Kaupmannahafnar og fjölskylduhátíð um íslenska hestinn og íslenska menningu á Norðurbryggju. Einnig var lögð áhersla á kynningu á íslenskri matarmenningu og á hestaferðamennsku. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og áætlað er að um 2.000 manns hafi sótt hátíðina.

Það er mat sendiráðsins að mikil tækifæri felist í því að nýta vinsældir íslenska hestsins í Danmörku til almennrar landkynningar og kynningar á íslenskri menningu og vörum. Æskilegt er því að standa á nokkurra ára fresti að stórum hátíðum tengdum íslenska hestinum í Kaupmannahöfn en nýta einnig aðrar hestahátíðir og mót til að standa að almennum land- og vörukynningum.

4.6.1 Verkefni fram undan

Dagur íslenska hestsins í Charlottenlund

Til stóð að hátíðin Dagur íslenska hestsins yrði haldinn á Charlottenlund Travbane 29. mars sl. en vegna COVID-19-faraldursins var honum frestað þar til í nóvember. Sendiráðið hefur unnið með Horses of Iceland að því að tryggja að hátíðin verði nýtt sem best til kynningar á íslenska hestinum og til almennrar landkynningar. Sendiherra mun opna hátíðina formlega og verður ákveðið svæði tileinkað Íslandi þar sem íslenskum fyrirtækjum gefst kostur á að kynna og selja vörur sínar og þjónustu. Áður en ákveðið var að fresta viðburðinum höfðu eftirfarandi íslensk fyrirtæki staðfest þátttöku sína: Dögg Design, Bioeffect, Outsite Travel, Dig og Dyr og Salka Valka. Að auki var gert ráð fyrir kynningu á íslensku lambakjöti frá fyrirtækinu Pure Arctic. Þess má geta að

Charlottenlund er meðal auðugustu svæða í Danmörku og veitir hátíðin því gott tækifæri til að kynna hágæðavörur og þjónustu.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Herning 2021

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Herning á Jótlandi 1. til 8. ágúst 2021. Mótið var síðast haldið þar árið 2015 og voru gestir þá um 9000. Skipuleggjendur mótsins á næsta ári búast við tugþúsundum gesta og þátttakendum frá 21 landi. Ljóst er að mótið mun veita upplagt tækifæri til almennrar landkynningar í Danmörku, auk kynningar á íslenska hestinum og vörum og þjónustu tengdri honum. Einnig leggur sendiráðið til að áhersla verði lögð á kynningu á íslenskri menningu, t.d. tónlist og bókmenntum, og á íslensk matvæli og náttúruafurðir.

4.7 Viðskiptatækifæri tengd stofnunum Sameinuðu þjóðanna í UN City

(Tengiliður hjá Íslandsstofu: Erna Björnsdóttir)

Höfuðstöðvar margra stofnana Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum og Norður-Evrópu eru í svokölluðum Sameinuðu þjóða-bæ (UN City) í Kaupmannahöfn. Þar eru til húsa ellefu stofnanir (IOM, UNDP, UNEP, UNFPA, UNHCR, UNICEF, UNIDO, UNOPS, UN Women, WFP og WHO) með alls um 1.500 starfsmenn. Í Nordhavn í Kaupmannahöfn er einnig vörugæmsla UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, sem er stærsta birgðastöð fyrir mannúðaraðstoð í heiminum.

Samkvæmt upplýsingum sendiráðsins er áætlað að um 20–30% af innkaupum Sameinuðu þjóðanna fari fram í UN City, en þar er t.d. innkaupaskrifstofa UNDP (Procurement Support Office). Á árinu 2018 námu heildarinnkaup SP um 18,8 milljörðum USD þannig að gróflega má ætla að árlega séu ákvarðanir um innkaup fyrir á bilinu 3,8 til 5,6 milljörðum USD teknar í Kaupmannahöfn.³⁵

Því er ljóst að ýmis áhugaverð viðskiptatækifæri tengjast starfsemi SP í Kaupmannahöfn og mun sendiráðið vinna að því að greina þessi tækifæri, byggja upp persónuleg tengsl innan UN City og tengja áhrifafólk þar við viðeigandi aðila á Íslandi. Sérstök áhersla verður lögð á skrifstofu UNDP vegna samvinnu stofnunarinnar við einkageirann og er viðskiptafulltrúi sendiráðsins m.a. að skoða möguleika á þátttöku íslenskra fyrirtækja í viðskiptahraðli UNDP sem miðar að því að efla nýsköpun innan fyrirtækja í tengslum við sjálfbærni og heimsmarkmiðin (SDG Accelerator for SMEs).³⁶

³⁵ Ítarlegar upplýsingar um innkaup SP má finna á heimasíðu UN Global Marketplace:

<https://www.unqgm.org/Shared/KnowledgeCenter/Pages/ASR>

³⁶ <http://www.sdg-accelerator.org/>

Þá verður skoðað hvernig dönsk stjórnvöld aðstoða fyrirtæki sín í viðskiptum við Sameinuðu þjóðirnar en Danir eru nú í 8. sæti, efstir norrænu landanna, yfir þau lönd sem selja mest til stofnana SP, samanborið við Ísland sem er í 184. sæti af alls 192 aðildarríkjum. Þannig seldu Danir vörur til SP á árinu 2018 fyrir um 550 millj. USD en Íslendingar fyrir aðeins um 289.000 USD. Einnig verður skoðað hvernig viðskiptaskrifstofur annarra sendiráða í Kaupmannahöfn aðstoða sín fyrirtæki við að koma vörum og þjónustu á framfæri við kaupendur hjá SP.

4.7.1 Verkefni fram undan

Norrænt útboðsþing SP í Kaupmannahöfn

Annað hvert ár hefur verið haldið sérstakt útboðsþing Sameinuðu þjóðanna fyrir norræn fyrirtæki í UN City í Kaupmannahöfn og gert er ráð fyrir að næsta þing verði haldið í lok janúar 2021. Íslendingar ákváðu að taka ekki þátt í þinginu þegar það var síðast haldið árið 2018 en árið 2016 sendu sjö íslensk fyrirtæki fulltrúa: BlueBird Cargo, Efla, GoPro, Icegroup, Landsvirkjun, Sensa og Verkís. Gert er ráð fyrir að dagskrá næsta þings verði svipuð og síðustu ár; hún standi í tvo daga og hefjist með pallborðsumræðum ráðherra eða háttsettra embættismanna og svo taki við kynningar, vinnustofur og einkafundir fyrirtækja með stofnunum SP.

Íslandsstofa hefur undanfarið unnið að því að kanna áhuga íslenskra fyrirtækja á þátttöku í þinginu og hefur meðal fengið aðgang að upplýsingum um íslenska seljendur í seljendagrundi SP. Í ársbyrjun sendi Íslandsstofa út fréttaskot um útboðsþingið í fréttabréfi sínu og höfðu fimmtán fyrirtæki samband í kjölfarið. Sendiráðið hvetur til þess að áfram verði unnið ötullega að því að tryggja þátttöku réttara íslenskra fyrirtækja á þinginu enda býður það upp á mikilvæg tækifæri til tengslamyndunar, ekki aðeins við innkaupastjóra hjá stofnunum SP heldur einnig við önnur norræn fyrirtæki sem hafa reynslu af sölu til SP.

Viðskiptafulltrúi sendiráðsins og fulltrúi Íslandsstofu sitja í norrænum vinnuhóp sem undirbýr næsta þing en Danish Trade Council leiðir vinnuna. Mikilvægt er að tryggja að dagskrá næsta þings höfði til íslensku fyrirtækjanna og taki mið af ábendingum þeirra frá því að Ísland tók síðast þátt árið 2016. Einnig þarf að hvetja íslensku fyrirtækin til að undirbúa sig vel fyrir fram og geta Íslandsstofa og sendiráðið aðstoðað við það með því að taka saman upplýsingar um innkaup hverrar stofnunar og gagnlega tengiliði. Þá má nýta sameiginlega norræna undirbúninginn fyrir útboðsþingið til að afla frekari upplýsinga um innkaup Sameinuðu þjóðanna og læra af reynslu hinna norrænu landanna í því að styðja við bakið á sínum fyrirtækjum og auka hlutdeild landanna í sölu til SP.

5. Lokaorð

Þessi greining á danska markaðnum var að mestu leyti unnin áður en COVID-19-faraldurinn barst til Danmerkur, en eins og fram hefur komið hafa dönsk stjórnvöld gripið til víðtækra aðgerða til að hefta útbreiðslu hans, m.a. samkomubanns og tímabundinnar lokunar landamæranna. Hagfræðingar eru sammála um að áhrifin á danska hagkerfið verði alvarleg en enn á eftir að koma í ljós hversu langvarandi þau verða og hverjar afleiðingarnar verða fyrir íslenskan útflutning til Danmerkur.


Danska ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á að aðgerðir hennar til að hindra útbreiðslu kórónaveirunnar eigi ekki að hefta vöruflutninga til Danmerkur. Að sögn þeirra íslensku fyrirtækja sem sendiráðið hefur rætt við hefur vöruútflutningur á danska markaðinn gengið að mestu hnökralaust. Líkt og annars staðar hafa áhrifin verið alvarlegust á flugsamgöngur og ferðaþjónustuna en flug á milli landanna hefur lagst af tímabundið. Hins vegar hafa sumar greinar og fyrirtæki fundið fyrir aukinni eftirspurn eftir vörum þeirra og þjónustu, t.d. hefur áhugi á ýmiss konar afþreyingu heima við, s.s. sjónvarpsefni, tölvuleikjum og bókmenntum, aukist mikið. Þá hefur sala á íslensku grænmeti og lambakjöti aukist töluvert eftir að samkomubannið var sett á. Mun sendiráðið áfram fylgjast grannt með þessari þróun í samstarfi við Íslandsstofu, utanríkisráðuneytið og íslensk útflutningsfyrirtæki.

Ljóst er að ekki verður hægt að hrinda mörgum þeirra viðburða sem nefndir eru í skýrslunni í framkvæmd fyrr en í haust eða jafnvel á næsta ári. Tíminn sem fram undan er verður því nýttur í ýmiss konar greiningarvinnu, t.d. kortlagningu á nýsköpunarumhverfinu í Danmörku og þeim viðskiptatækifærum sem tengjast stofnunum SP í Kaupmannahöfn. Rétt er að hafa hugfast að þau tækifæri fyrir íslenskan útflutning á danska markaðnum, sem fjallað er um í skýrslunni, verða áfram til staðar þegar faraldurinn er yfirstaðinn og verður þá mikilvægara en nokkru sinni að grípa þau. Er það von sendiráðsins að þessi greining og tillögurnar í skýrslunni muni nýtast vel til þeirrar viðspyrnu sem fram undan er.

Viðauki: Tölfræðilegt yfirlit yfir viðskipti Íslands og Danmerkur 2010–2019

Tölfræðiyfirlitið var tekið saman í tengslum við gerð viðskiptaáætlunar sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn og verður uppfært í byrjun hvers árs, þegar tölur Hagstofu Íslands um viðskipti milli landanna árið á undan liggja fyrir.³⁷


Útflutningur vöru og þjónustu til Danmerkur 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.


³⁷ Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum á verðlagi hvers árs, nema annað sé tekið fram. Sundurliðaðar þjónustutölur fyrir árin 2010–2012 eru ekki aðgengilegar. Þegar fjárhæðir eru umreiknaðar yfir í danskar krónur er stuðst við ársmeðalgengi Seðlabanka Íslands.

Hlutfall útflutnings til Danmerkur af heildarútflutningi Íslands 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Vægi helstu greina/flokka í heildarútflutningi til Danmerkur 2019.




(*) Liðurinn ferðaþjónusta 2010–2012, ferðalög 2013–2019.

(**) Flokkurinn kom fyrst til sögunnar árið 2013.


Heimild: Hagstofa Íslands.

Vöruútflutningur til Danmerkur eftir flokkum 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Vöruútflutningur til Danmerkur eftir hagrænni flokkun 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Útflutningur til Danmerkur 2010–2019, helstu flokkar.

Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2019 í %	2019 (*)	samt.	samt. í %
Loðna	346	1.717	4.443	4.858	1.043	2.213	1.190	836	732	236	1,6%	4,4%	17.614	12,3%
Rækja	1.788	1.791	948	1.309	2.106	3.243	1.671	1.147	1.516	1.045	7,0%	19,7%	16.564	11,5%
Sild	773	444	13	1.924	243	946	434	466	278	2	0,0%	0,0%	5.523	3,8%
Þorskur	382	230	136	181	146	342	600	359	600	1.107	7,4%	20,9%	4.083	2,8%
Kolmunn	258	0	0	287	515	168	7	509	820	804	5,4%	15,2%	3.368	2,3%
Grásleppa	839	387	274	176	27	50	151	181	196	323	2,2%	6,1%	2.604	1,8%
Annar botnfiskur	77	355	370	208	53	111	188	311	432	121	0,8%	2,3%	2.226	1,6%
Makrill	143	45	42	5	205	201	95	51	102	223	1,5%	4,2%	1.112	0,8%
Skötuselur	94	238	219	181	141	104	57	16	37	13	0,1%	0,2%	1.100	0,8%
Karfi	27	18	34	48	79	191	92	102	290	147	1,0%	2,8%	1.028	0,7%
Annað ot.a.	226	115	97	135	85	252	320	228	200	477	3,2%	9,0%	2.135	1,5%
Aðrar sjávarafurðir	1.527	2.278	1.696	1.488	1.388	926	980	720	899	806	5,4%	15,2%	12.708	8,8%
Sjávarafurðir alls	6.480	7.618	8.272	10.800	6.031	8.747	5.785	4.926	6.102	5.304	35,5%	100,0%	70.065	48,8%
Afurðir minka	979	1.216	1.588	1.991	338	474	879	968	484	326	2,2%	12,6%	9.243	6,4%
Lax	14	12	10	112	81	61	678	1.427	1.253	1.807	12,1%	69,7%	5.455	3,8%
Hestar	177	130	105	133	152	105	173	138	270	211	1,4%	8,1%	1.594	1,1%
Silungur	50	33	57	19	46	85	89	115	107	214	1,4%	8,2%	815	0,6%
Annað ót.a.	54	94	50	47	91	19	56	21	36	28	0,2%	1,1%	496	0,3%
Aðrar landbúnaðarvörur	2	16	42	41	53	71	21	6	15	8	0,1%	0,3%	275	0,2%
Landbúnaðarvörur alls	1.276	1.501	1.852	2.343	761	815	1.896	2.675	2.165	2.594	17,4%	100,0%	17.878	12,4%
Fiskmeti	730	719	851	1.060	848	726	761	1.110	1.260	1.431	9,6%	22,2%	9.496	6,6%
Jarðolíur og olíuvörur	1.282	1.260	1.345	924	1.192	936	445	613	586	454	3,0%	7,0%	9.037	6,3%
Lyfjavörur	2.673	979	117	53	51	71	96	45	1	0	0,0%	0,0%	4.086	2,8%
Rafeindavogir	143	111	1.077	122	162	196	247	144	114	175	1,2%	2,7%	2.491	1,7%
Vélar til matvælaframleiðslu	368	134	296	157	180	420	388	97	49	61	0,4%	0,9%	2.150	1,5%
Ál og álafurðir	0	0	1	0	0	12	342	482	911	126	0,8%	2,0%	1.874	1,3%
Fiskkassar	91	164	96	151	212	175	159	129	218	95	0,6%	1,5%	1.490	1,0%
Tæki og vörur til lækninga	14	2	30	89	140	200	157	158	114	183	1,2%	2,8%	1.087	0,8%
Önnur matvara	126	114	55	91	106	90	69	43	65	93	0,6%	1,4%	852	0,6%
Vörur til fiskveiða ót.a.	42	61	169	64	29	69	78	50	158	36	0,2%	0,6%	756	0,5%
Sælgæti	29	46	45	148	109	63	99	45	41	44	0,3%	0,7%	669	0,5%
Annað ót.a.	440	320	294	294	343	277	242	356	260	262	1,8%	4,1%	3.088	2,2%
Aðrar iðnaðarvörur	568	619	780	667	1.011	843	666	777	801	3.491	23,4%	54,1%	10.223	7,1%
Iðnaðarvörur alls	6.506	4.529	5.156	3.820	4.383	4.078	3.749	4.049	4.578	6.451	43,2%	100,0%	47.299	32,9%
Notuð skip	50	25	0	21	44	947	966	0	0	3	0,0%	0,5%	2.056	1,4%
Flugvélar	0	0	626	0	1	6	14	8	0	0	0,0%	0,0%	655	0,5%
Önnur jarðefni	71	62	65	48	78	35	23	46	81	32	0,2%	5,6%	541	0,4%
Annað ót.a.	80	74	23	35	31	32	109	62	163	171	1,1%	29,7%	780	0,5%
Aðrar vörur	390	395	500	337	446	334	528	469	557	369	2,5%	64,2%	4.325	3,0%
Aðrar vörur alls	591	556	1.214	441	600	1.354	1.640	585	801	575	3,9%	100,0%	8.357	5,8%
Útflutningur	14.853	14.204	16.494	17.404	11.775	14.994	13.070	12.235	13.646	14.924	100,0%		143.599	100,0%


(*) hlutdeid innan flokks

Útflutningsverðmæti sjávarafurða til Danmerkur 2010–2019 eftir flokkum.

Verðmæti í milljónum kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2019 í %	samt.	í %
110 Síld	774	444	14	1 926	242	946	435	467	279	2	0,0%	5 529	7,9%
111 Loðna	346	1 719	4 443	4 858	1 043	2 213	1 189	836	733	237	4,5%	17 617	25,1%
112 Kólmanni	258	0	0	287	515	168	7	509	821	804	15,2%	3 369	4,8%
113 Makrill	143	45	42	5	207	201	96	51	102	222	4,2%	1 114	1,6%
Annar uppsjávarfiskur	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0%	2	0,0%
Uppsjávarfiskur alls	1 523	2 208	4 499	7 076	2 007	3 528	1 727	1 863	1 935	1 265	23,8%	27 631	39,4%
120 Þorskur	383	230	136	181	147	341	600	358	600	1 107	20,9%	4 083	5,8%
123 Karfi	28	16	33	49	79	191	91	103	290	147	2,8%	1 027	1,5%
128 Skötuselur	93	238	221	180	141	103	59	17	36	13	0,2%	1 101	1,6%
138 Grásleppa	841	386	275	175	27	50	151	181	196	323	6,1%	2 605	3,7%
Annar botnfiskur	272	451	445	327	132	234	302	379	544	452	8,5%	3 538	5,0%
Botnfiskur alls	1 617	1 321	1 110	912	526	919	1 203	1 038	1 666	2 042	38,5%	12 354	17,6%
140 Grálúða	15	0	13	0	1	1	77	91	30	64	1,2%	292	0,4%
142 Skarkoli	2	0	0	1	3	53	70	48	29	31	0,6%	237	0,3%
Annar flatfiskur	13	6	6	10	6	54	42	13	36	45	0,8%	231	0,3%
Flatfiskur alls	30	6	19	11	10	108	189	152	95	140	2,6%	760	1,1%
160 Rækja	1 788	1 790	949	1 308	2 106	3 244	1 671	1 147	1 515	1 045	19,7%	16 563	23,6%
Annar skelfiskur	0	16	4	11	4	28	24	10	2	6	0,1%	105	0,1%
Skelfiskur alls	1 788	1 806	953	1 319	2 110	3 272	1 695	1 157	1 517	1 051	19,8%	16 668	23,8%
Aðrar sjávarafurðir alls	1 525	2 278	1 696	1 489	1 388	927	980	721	899	807	15,2%	12 710	18,1%
Samtals	6 483	7 619	8 277	10 807	6 041	8 754	5 794	4 931	6 112	5 305	100,0%	70 123	100,0%


Heimild: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða til Danmerkur 2010–2019 eftir flokkum.



Heimild: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Útflutningsverðmæti iðnaðarværa til Danmerkur eftir Hagstofuflokkum 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.


Útflutningur iðnaðarvara til Danmerkur eftir flokkum og hlutfallslegt vægi
2010–2019.

í milljónum kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Fiskmeti	730	719	851	1,060	848	726	761	1,110	1,260	1,431	9,496
Lyfjavörur	2,673	979	117	53	51	71	96	45	1	0	4,086
Tæki/vörur til lækninga	14	2	30	89	140	200	157	158	114	183	1,087
Ál og álafurðir	0	0	1	0	0	12	342	482	911	126	1,874
Jarðolíur og olíuvörur	1,282	1,260	1,345	924	1,192	936	445	613	586	454	9,037
Rafeindavogir	143	111	1,077	122	162	196	247	144	114	175	2,491
Fiskkassar	91	164	96	151	212	175	159	129	218	95	1,490
Vélar til matvælaframl.	368	134	296	157	180	420	388	97	49	61	2,150
Önnur matvara	126	114	55	91	106	90	69	43	65	93	852
Vörur til fiskveiða ót.a.	42	61	169	64	29	69	78	50	158	36	756
Annað ót.a.	469	366	339	442	452	340	341	401	301	306	3,757
Aðrar iðn.vörur	568	619	780	667	1,011	843	666	777	801	3,491	10,223
Samtals	6,506	4,529	5,156	3,820	4,383	4,078	3,749	4,049	4,578	6,451	47,299

í %	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Fiskmeti	11.2%	15.9%	16.5%	27.7%	19.3%	17.8%	20.3%	27.4%	27.5%	22.2%	20.1%
Lyfjavörur	41.1%	21.6%	2.3%	1.4%	1.2%	1.7%	2.6%	1.1%	0.0%	0.0%	8.6%
Tæki/vörur til lækninga	0.2%	0.0%	0.6%	2.3%	3.2%	4.9%	4.2%	3.9%	2.5%	2.8%	2.3%
Ál og álafurðir	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.3%	9.1%	11.9%	19.9%	2.0%	4.0%
Jarðolíur og olíuvörur	19.7%	27.8%	26.1%	24.2%	27.2%	23.0%	11.9%	15.1%	12.8%	7.0%	19.1%
Rafeindavogir	2.2%	2.5%	20.9%	3.2%	3.7%	4.8%	6.6%	3.6%	2.5%	2.7%	5.3%
Fiskkassar	1.4%	3.6%	1.9%	4.0%	4.8%	4.3%	4.2%	3.2%	4.8%	1.5%	3.2%
Vélar til matvælaframl.	5.7%	3.0%	5.7%	4.1%	4.1%	10.3%	10.3%	2.4%	1.1%	0.9%	4.5%
Önnur matvara	1.9%	2.5%	1.1%	2.4%	2.4%	2.2%	1.8%	1.1%	1.4%	1.4%	1.8%
Vörur til fiskveiða ót.a.	0.6%	1.3%	3.3%	1.7%	0.7%	1.7%	2.1%	1.2%	3.5%	0.6%	1.6%
Annað ót.a.	7.2%	8.1%	6.6%	11.6%	10.3%	8.3%	9.1%	9.9%	6.6%	4.7%	7.9%
Aðrar iðn.vörur	8.7%	13.7%	15.1%	17.5%	23.1%	20.7%	17.8%	19.2%	17.5%	54.1%	21.6%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Útflutningsverðmæti landbúnaðarvara til Danmerkur 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Útflutningur landbúnaðarvara til Danmerkur 2010–2019, verðmæti og hlutfall.

Landbúnaðarvörur (í millj. kr.)	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Afurðir minka	979	1.216	1.588	1.991	338	474	879	968	484	326
Hestar	177	130	105	133	152	105	173	138	270	211
Aðrar landbúnaðarafurðir	56	73	92	86	144	90	77	27	38	36
Landbúnaðarvörur (ekki fiskeldi) alls	1.212	1.419	1.785	2.210	634	669	1.129	1.133	792	573
Fiskeldi - Lax	14	12	10	112	81	61	678	1.427	1.253	1.807
Fiskeldi - Silungur	50	33	57	19	46	85	89	115	107	214
Annað fiskeldi	0	37	0	2	0	0	0	0	13	0
Landbúnaðarvörur (fiskeldi) alls	64	82	67	133	127	146	767	1.542	1.373	2.021
Landbúnaðarafurðir alls	1.276	1.501	1.852	2.343	761	815	1.896	2.675	2.165	2.594

Hlutf. vöruútflutn. landbún.afurða	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Afurðir minka	76,7%	81,0%	85,7%	85,0%	44,4%	58,2%	46,4%	36,2%	22,4%	12,6%
Hestar	13,9%	8,7%	5,7%	5,7%	20,0%	12,9%	9,1%	5,2%	12,5%	8,1%
Aðrar landbúnaðarafurðir	4,4%	4,9%	5,0%	3,7%	18,9%	11,0%	4,1%	1,0%	1,8%	1,4%
Landbúnaðarvörur (ekki fiskeldi) alls	95,0%	94,5%	96,4%	94,3%	83,3%	82,1%	59,5%	42,4%	36,6%	22,1%
Fiskeldi - Lax	1,1%	0,8%	0,5%	4,8%	10,6%	7,5%	35,8%	53,3%	57,9%	69,7%
Fiskeldi - Silungur	3,9%	2,2%	3,1%	0,8%	6,0%	10,4%	4,7%	4,3%	4,9%	8,2%
Annað fiskeldi	0,0%	2,5%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%
Landbúnaðarvörur (fiskeldi) alls	5,0%	5,5%	3,6%	5,7%	16,7%	17,9%	40,5%	57,6%	63,4%	77,9%
Landbúnaðarafurðir alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%


Útflutningur þjónustu til Danmerkur 2010–2019, verðmæti og hlutfallslegt vægl.

Útflutningur þjónustu til Danmerkur (í millj. kr)	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Samgöngur og flutningar	22,701	24,153	27,578	31,190	28,411	19,559	16,557	14,930	13,170	6,780
Ferðalög/ferðþjónusta (**)	5,553	6,580	7,301	7,336	8,770	9,194	9,509	9,845	9,268	9,584
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	n/a	n/a	n/a	1,882	1,606	1,399	1,751	2,449	2,764	2,346
Önnur viðskiptaþjónusta	3,762	3,560	4,179	4,544	4,606	3,126	2,736	2,497	2,302	2,376
Annað	3,468	2,310	2,440	521	1,770	2,289	2,992	4,091	1,306	1,865
Samtals	35,484	36,602	41,498	45,473	45,162	35,566	33,544	33,812	28,811	22,951

Útflutningur þjónustu til Danmerkur (í %)	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Samgöngur og flutningar	64.0%	66.0%	66.5%	68.6%	62.9%	55.0%	49.4%	44.2%	45.7%	29.5%
Ferðalög/ferðþjónusta	15.6%	18.0%	17.6%	16.1%	19.4%	25.8%	28.3%	29.1%	32.2%	41.8%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	n/a	n/a	n/a	4.1%	3.6%	3.9%	5.2%	7.2%	9.6%	10.2%
Önnur viðskiptaþjónusta	10.6%	9.7%	10.1%	10.0%	10.2%	8.8%	8.2%	7.4%	8.0%	10.4%
Annað	9.8%	6.3%	5.9%	1.1%	3.9%	6.4%	8.9%	12.1%	4.5%	8.1%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þjónustuútflutningur til Danmerkur 2010–2019 eftir yfirflokkum.




Heimild: Hagstofa Íslands.

(*) Liðurinn ferðþjónusta 2010–2012, ferðalög 2013–2019.

(**) Flokkurinn kom fyrst til sögunnar árið 2013.

Útflutningur þjónustu til Danmerkur 2013–2019, helstu liðir.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Útflutningur þjónustu til Danmerkur 2013–2019, helstu liðir.

Útflutningur þjónustu (í millj. kr.)	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Sjóflutningar	1 690	1 746	1 745	1 808	1 926	2 590	2 264
Flugsamgöngur	29 112	26 341	17 423	14 360	12 683	10 321	4 268
Aðrar samgöngur	388	324	391	389	321	259	248
Ferðalög	7 336	8 770	9 194	9 509	9 845	9 268	9 584
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	1 882	1 606	1 399	1 751	2 449	2 764	2 346
Önnur viðskiptaþjónusta	4 544	4 606	3 126	2 736	2 497	2 302	2 376
Önnur þjónusta ót.a.	521	1 770	2 289	2 992	4 091	1 306	1 865
Samtals	45 473	45 162	35 566	33 544	33 812	28 811	22 951


Heimild: Hagstofa Íslands.

Þróun verðmætis þjónustuútflutnings til Danmerkur 2013–2019, í ISK og DKK.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Ferðalög til og frá Danmörku 2013–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Innflutningur þjónustu frá Danmörku 2013–2019, helstu liðir.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Innflutningur þjónustu til og frá Danmörku 2013–2019.

Innflutningur þjónustu frá Danmörku	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Sjóflutningar	1 617	1 363	1 260	1 457	1 422	1 906	2 233
Flugsamgöngur	1 631	1 590	2 941	1 173	925	1 010	855
Aðrar samgöngur	492	324	486	829	365	379	380
Ferðalög	8 443	8 453	9 362	9 768	11 064	11 319	11 619
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	3 266	4 279	4 338	3 059	3 040	2 948	3 879
Tækniþjónusta og önnur viðskiptaþjónusta	30 599	29 980	16 095	11 605	13 349	10 689	1 118
Önnur viðskiptaþjónusta	1 115	2 159	1 110	707	989	717	579
Önnur þjónusta ót.a.	3 160	2 604	3 240	4 019	4 383	5 805	4 185
Samtals	50 323	50 752	38 831	32 616	35 539	34 772	24 847


Heimild: Hagstofa Íslands.

Þróun í fjölda ferðamanna til Íslands 2003–2019.



Heimild: Ferðamálastofa.

Þróun gengis ISK gegn helstu gjaldmiðlum og DKK 2003–2019.




Heimild: Ferðamálastofa.

Fjöldi erlendra ferðamanna 2010–2019 og 2003 til samanburðar.

Fjöldi gesta	2003	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Bandaríkin	45 242	51 166	77 561	95 026	119 712	152 104	242 805	415 287	576 403	694 814	464 059
Bretland	52 973	60 326	67 608	94 599	137 108	180 503	241 024	316 395	322 543	297 963	261 805
Danmörk	24 326	38 139	40 705	40 906	43 119	48 237	49 225	49 951	53 240	51 019	49 280
Finnland	6 970	11 012	12 031	13 684	13 799	15 415	16 021	19 895	24 068	20 967	20 671
Frakkland	20 345	29 255	35 957	41 570	48 313	58 293	65 822	85 221	100 374	97 224	97 507
Holland	10 726	17 281	19 997	21 305	22 820	26 222	29 546	39 098	49 164	44 379	43 328
Ítalía	8 991	9 692	12 346	13 841	16 213	19 870	23 817	31 573	40 865	46 401	47 117
Japan	4 458	5 580	6 902	10 343	12 363	13 340	16 547	22 371	22 397	19 137	18 512
Kanada	2 559	13 447	17 929	18 760	23 970	38 790	46 654	83 144	103 026	99 715	69 947
Kína		5 194	8 784	14 036	17 597	26 037	47 643	66 781	86 003	89 495	99 253
Noregur	24 417	35 662	41 802	51 534	52 707	53 647	51 402	51 012	47 958	43 735	39 133
Pólland		13 253	14 239	14 936	15 835	19 959	27 079	39 613	66 299	91 463	93 726
Rússland		1 755	2 597	4 724	6 988	7 964	4 877	6 320	11 819	14 282	16 576
Spánn	5 126	12 237	13 971	15 278	17 017	20 932	27 166	39 183	57 971	65 589	59 141
Sviss	6 121	9 163	10 155	12 838	14 307	19 315	25 935	28 682	30 166	28 562	25 701
Svíþjóð	25 211	27 944	32 835	35 601	35 491	40 992	43 096	54 515	56 229	49 316	39 853
Þýskaland	36 807	54 377	56 815	65 179	75 814	85 915	103 384	132 789	155 813	139 155	132 155
Annað	34 496	63 769	68 590	82 761	107 843	141 646	199 895	285 896	390 933	422 709	408 389
Samtals	308 768	459 252	540 824	646 921	781 016	969 181	1 261 938	1 767 726	2 195 271	2 315 925	1 986 153


Heimild: Ferðamálastofa.

Fjöldi ferðamanna frá hinum norrænu löndunum 2003–2019 og þróun gengis gengisvísisitala.




Heimild: Ferðamálastofa.

Viðskiptajöfnuður gagnvart Danmörku og í heild 2010–2019.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Vöruviðskiptajöfnuður og þróun gengis 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þjónustujöfnuður og þróun gengis 2010–2019.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Töfluviðauki

Vöruútflutningur

Land	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals	i %
Holland	190.632	200.888	189.654	183.403	172.439	163.125	137.034	131.784	181.984	168.392	1.719.335	28,9%
Bretland	56.712	55.879	62.171	57.895	66.327	72.687	60.689	48.598	59.666	66.335	606.958	10,2%
Þýskaland	78.321	92.792	81.502	74.166	35.615	46.631	37.276	39.417	36.175	37.918	559.812	9,4%
Spánn	26.588	23.898	22.076	24.057	44.484	72.309	55.779	69.658	49.666	60.727	449.242	7,6%
Bandaríkin	25.429	22.959	28.338	28.667	29.107	35.448	41.729	36.209	41.487	46.832	336.205	5,7%
Frakkland	17.595	24.166	28.116	28.341	29.366	35.737	35.802	32.567	38.725	45.352	315.765	5,3%
Noregur	23.787	27.379	32.258	28.913	26.526	29.116	22.879	26.867	32.709	24.760	275.194	4,6%
Danmörk	14.869	14.208	16.505	17.415	11.796	15.002	13.082	12.238	13.669	14.934	143.716	2,4%
Rússland	11.593	19.399	24.200	20.436	29.166	12.676	2.626	6.853	6.959	9.767	143.675	2,4%
Japan	14.283	15.443	12.925	11.442	10.740	12.543	12.022	10.008	12.440	7.705	119.552	2,0%
Belgía	9.416	9.247	10.055	10.590	13.185	14.136	12.303	9.790	9.311	9.494	107.527	1,8%
Nigeria	10.379	12.260	16.502	12.134	15.029	13.800	5.987	5.520	6.887	8.720	107.219	1,8%
Portúgal	6.925	10.710	9.241	7.283	9.058	9.489	10.031	8.130	9.675	11.837	92.377	1,6%
Kína	3.414	5.431	7.647	7.020	4.803	9.570	11.021	10.274	15.642	15.914	90.735	1,5%
Ítalía	8.854	15.732	13.014	13.478	9.997	7.877	5.820	5.076	5.542	4.155	89.545	1,5%
Kanada	2.480	2.641	3.506	4.585	4.910	7.494	5.335	5.926	12.457	27.621	76.954	1,3%
Swiss	10.217	4.047	10.639	6.558	9.469	7.190	7.086	3.092	4.229	2.130	64.657	1,1%
Færeyjar	3.257	3.835	6.779	6.242	5.245	4.127	6.154	3.585	6.461	4.474	50.160	0,8%
Grænland	1.556	2.078	2.649	2.633	10.339	4.446	2.736	4.008	2.644	8.037	41.125	0,7%
Svíþjóð	2.781	3.791	2.930	2.672	2.438	3.023	2.981	2.936	2.954	3.757	30.262	0,5%
Tyrkland	2.629	2.601	1.390	2.023	2.296	2.780	2.498	2.106	2.312	2.464	23.100	0,4%
Finnland	1.173	1.054	1.477	1.785	940	1.653	1.099	588	890	685	11.343	0,2%
Malta	44	108	249	543	237	180	175	118	367	317	2.337	0,0%
Rúmenía	114	137	124	108	86	96	190	240	215	260	1.569	0,0%
Sádi-Arabía	164	139	181	246	61	39	44	244	46	33	1.195	0,0%
Búlgaría	55	34	8	61	7	78	140	220	189	250	1.041	0,0%
Önnur lönd	37.765	49.264	48.891	57.996	46.838	44.838	44.927	43.561	48.805	58.322	481.208	8,1%
Samtals	561.031	620.118	633.029	610.691	590.501	626.091	537.444	519.612	602.102	641.190	5.941.809	
Hlutdeild DK Hld.	2,7%	2,3%	2,6%	2,9%	2,0%	2,4%	2,4%	2,4%	2,3%	2,3%	2,4%	
umdæmisl.	3,1%	2,7%	2,8%	3,2%	2,4%	2,9%	3,0%	2,8%	2,7%	2,8%	2,9%	
Hld. Norðurl.	8,5%	8,4%	9,9%	9,8%	9,7%	9,2%	9,1%	9,7%	9,9%	8,8%	9,3%	

Þjónustuútflytningur

Land	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals	i %
Bandaríkin	69.403	83.701	126.289	175.412	194.193	227.158	201.587	1.077.742	25,2%
Bretland	40.017	49.243	61.279	75.944	78.684	83.548	81.690	470.405	11,0%
Þýskaland	27.626	31.480	40.574	44.756	45.758	43.036	44.839	278.069	6,5%
Danmörk	45.473	45.162	35.566	33.544	33.812	28.811	22.951	245.319	5,7%
Noregur	31.261	29.056	26.388	24.966	23.021	20.397	19.677	174.765	4,1%
Sádi-Arabía	34.006	31.437	30.676	21.598	19.836	17.112	N/A	154.664	3,6%
Kanada	14.189	19.465	22.558	30.497	33.453	31.554	28.913	180.628	4,2%
Swiss	34.556	34.042	29.184	19.047	11.447	10.885	11.308	150.470	3,5%
Svíþjóð	27.153	24.963	22.974	24.454	21.195	18.113	17.547	156.399	3,7%
Frakkland	15.309	19.821	24.907	25.494	25.981	25.234	23.342	160.088	3,7%
Holland	13.297	14.876	15.465	19.494	20.895	21.768	20.598	126.393	2,9%
Malta	296	8.188	20.617	15.294	19.828	21.575	N/A	85.799	2,0%
Belgía	8.109	7.741	9.729	11.023	10.791	11.583	11.055	70.030	1,6%
Spánn	5.447	6.582	8.039	10.347	12.341	13.334	13.373	69.463	1,6%
Kína	3.019	4.046	7.649	8.635	9.076	10.930	N/A	43.356	1,0%
Ítalía	5.339	5.842	6.791	7.954	8.064	8.520	8.671	51.182	1,2%
Finnland	7.009	7.533	6.232	7.309	6.922	6.631	N/A	41.635	1,0%
Japan	5.220	5.101	5.693	5.904	4.226	5.864	N/A	32.008	0,7%
Rússland	6.940	5.607	3.518	3.818	5.207	5.647	N/A	30.738	0,7%
Grænland	1.799	2.620	2.553	2.938	2.729	2.881	N/A	15.520	0,4%
Færeyjar	2.340	2.586	2.305	2.130	2.720	2.002	N/A	14.082	0,3%
Portúgal	407	542	519	664	891	1.169	N/A	4.192	0,1%
Rúmenía	312	424	467	470	450	561	N/A	2.683	0,1%
Tyrkland	275	576	428	411	434	491	N/A	2.614	0,1%
Búlgaría	443	341	339	359	237	417	N/A	2.135	0,0%
Nígíría	30	47	97	74	1.151	24	N/A	1.423	0,0%
Önnur lönd	87.597	58.982	63.159	73.848	82.442	91.111	185.794	642.933	15,0%
Samtals	486.872	500.005	573.992	646.383	675.783	710.356	691.344	4.284.733	
Hlutdeild DK	9,3%	9,0%	6,2%	5,2%	5,0%	4,1%	3,3%	5,7%	
Hld. umdæmisl.	9,6%	9,3%	6,4%	5,4%	5,2%	4,3%	3,3%	5,9%	
Hld. Norðurl.	23,6%	22,4%	16,7%	14,7%	13,4%	11,1%	8,7%	15,1%	

Vöru- og þjónustuútflutningur

Land	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals	i %
Bandaríkin	98.070	112.808	161.738	217.141	230.401	268.644	248.419	1.337.220	15,9%
Holland	196.700	187.315	178.590	156.527	152.678	203.752	188.990	1.264.553	15,0%
Bretland	97.912	115.570	133.966	136.633	127.281	143.214	148.025	902.601	10,7%
Þýskaland	101.792	67.095	87.205	82.032	85.175	79.211	82.757	585.266	7,0%
Spánn	29.504	51.066	80.348	66.126	82.000	63.000	74.100	446.143	5,3%
Frakkland	43.651	49.187	60.644	61.296	58.547	63.959	68.693	405.977	4,8%
Noregur	60.174	55.581	55.504	47.845	49.887	53.105	44.437	366.534	4,4%
Danmörk	62.888	56.959	50.568	46.626	46.050	42.480	37.885	343.454	4,1%
Kanada	18.774	24.375	30.052	35.832	39.379	44.011	56.533	248.956	3,0%
Swiss	41.114	43.512	36.373	26.134	14.539	15.114	13.438	190.224	2,3%
Svíþjóð	29.825	27.400	25.996	27.435	24.131	21.067	21.304	177.159	2,1%
Sádi-Arabía	34.252	31.498	30.715	21.641	20.080	17.158	33	155.375	1,8%
Belgía	18.699	20.926	23.865	23.325	20.582	20.894	20.548	148.839	1,8%
Rússland	27.376	34.773	16.194	6.444	12.059	12.606	9.767	119.220	1,4%
Kína	10.039	8.849	17.218	19.656	19.350	26.573	15.914	117.600	1,4%
Japan	16.662	15.842	18.236	17.925	14.235	18.304	7.705	108.908	1,3%
Ítalía	18.817	15.839	14.668	13.775	13.140	14.062	12.826	103.127	1,2%
Malta	839	8.425	20.797	15.468	19.947	21.942	317	87.735	1,0%
Portúgal	7.690	9.600	10.008	10.694	9.021	10.844	11.837	69.694	0,8%
Nígíría	12.164	15.076	13.898	6.061	6.671	6.911	8.720	69.501	0,8%
Færeyjar	8.582	7.831	6.432	8.284	6.306	8.463	4.474	50.371	0,6%
Grænland	4.431	12.959	6.999	5.674	6.737	5.525	8.037	50.362	0,6%
Finnland	8.794	8.472	7.885	8.408	7.510	7.521	685	49.274	0,6%
Tyrkland	2.298	2.872	3.208	2.909	2.540	2.803	2.464	19.094	0,2%
Rúmenía	421	509	563	660	689	776	260	3.878	0,0%
Búlgaría	504	349	417	498	457	605	250	3.079	0,0%
Önnur lönd	145.593	105.820	107.997	118.775	126.003	139.916	244.116	988.220	11,7%
Samtals	1.097.563	1.090.506	1.200.083	1.183.826	1.195.394	1.312.458	1.332.534	8.412.363	
Hlutdeild DK Hld.	5,7%	5,2%	4,2%	3,9%	3,9%	3,2%	2,8%	4,1%	
umdæmisl.	6,0%	5,6%	4,6%	4,3%	4,2%	3,6%	3,1%	4,4%	

